



# Ársskýrsla 2001



**VINNUMÁLA  
STOFNUN**

# Efnisyfirlit

Pistill forstjóra . . . . .	1
Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar . . . . .	2
Starfið í hnotskurn . . . . .	3
Vinnumarkaðurinn . . . . .	7
Vinnumiðlun . . . . .	10
EES-vinnumiðlun . . . . .	12
Aðgerðir í vinnumarkaðsmálum . . . . .	15
Starfsmenntaráð . . . . .	20
Atvinnuleysistryggingar . . . . .	21
Ábyrgðasjóður launa . . . . .	22
Atvinnuleyfi útlendinga . . . . .	23
Alþjóðlegt samstarf . . . . .	25
Svæðisráð og úthlutunarnefndir . . . . .	27
Ársreikningar . . . . .	28

Útgefandi: *Vinnumálastofnun*

Ritstjóri: *Karl Sigurðsson*

Hönnun kápu: *Alþrent*

Prentvinnsla: *Litróf*



# Breytir engu hvað kennt er á starfsmenntunarnámskeiðum?



Nei – ekki að álitum Allan Tucketts, forstöðumanns NIACE (The National Institute of Adult Continuing Education) og upphafsmanns að viku símenntunar sem nú haldin er árlega í mörgum Evrópulöndum. Tuckett hélt þessu fram í erindi sem hann flutti á málþingi í viku símenntunar á Íslandi 2002.

Það sem skiptir mestu máli er að fólk læri að læra. Hæfnin sem menn þjálfar með sér með því að taka þátt í starfsmenntun og lærdómi af öllu tagi skiptir meiru en námskeið sem farið er yfir. Með því að taka þátt í stuttum námskeiðum eða fara lengri námsleiðir þjálfar menn með sér hæfileikann til að nálgast viðfangsefni með skipu-

lögðum hætti og leysa þau. Þú þjálfar með þér samstarfs- og aðlögunarhæfni, að vinna undir álagi, að greina aðalatriði frá aukaatriðum m. ö. o. að þroska persónuleika þinn og þjálfar með þér hæfni sem er mjög mikils metin á vinnumarkaðnum. Þegar svona er lítið á málið þá breytir ekki öllu hvað lært er heldur er það lærdómsferlið sem vegur þyngra.

Það er forvitnilegt að skoða starfsmenntunarmálin út frá þessu sjónarhorni. Í þessu felst að almenn þátttaka í starfsmenntun og raunar símenntun af öllu tagi skiptir mestu máli og að hafa framboðið af námskeiðum og námstilboðum nógu fjölbreytilegt.

Fyrir þá sem úthluta opinberu fjármagni til starfsmenntunar eins og t.d. Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins gerir, skiptir það auðvitað máli í hvaða verkefni fjármunirnir fara en ráðið hefur líka haft sjónarmið á borð við Tucketts í huga við útteilingu fjármuna. Hvatningar- og kynningarstarf hefur verið aukið til muna síðustu ár, einmitt til þess að örva almenna þátttöku í starfsmenntun. Veiting starfsmenntunarverðlauna í samvinnu við Mennt – samstarfsvettvang atvinnulífs og skóla er liður í þessu sem og útgáfa á kynningarbæklingi um starfsmenntun.

Starfsmenntun hefur sem betur fer eflst mjög hin síðari ár og áttak í starfsmenntun ófaglærðra sem kom í kjölfar síðustu kjarasamninga er það sem nýjast hefur gerst á þessu sviði. Síðasta sjómanna- og sjómanna- sambands Íslands í viðurvist félagsmálaráðherra um starfsmenntun sjómanna. Má með nokkrum sanni segja að þar með hafi hringnum næstum verið lokað og flestum starfsstéttum standi nú til boða fjárstyrkir til starfsmenntunar þó vitaskuld séu þeir með mismunandi skilyrðum og forsendum.

Mikið starf er framundan enda víða óplægður akur og bæði þarf að svara eftirspurn eftir menntun og örva hana samtímis.

Vöxtur og viðgangur símenntunarmiðstöðvanna hringinn í kringum landið hefur lagt þarna þungt lóð á vogarskálarnar og starfsemi þeirra á margan hátt skipt sköpum við að ná til fólksins í landinu með menntunartilboð og hvatningu. Það er á margan hátt aðdáunarvert og til eftirbreytni að fylgjast með starfi margra fræðslustofnana, fyrirtækja og hagsmunasamtaka á þessum vettvangi og hvernig þau nálgast viðfangsefni sín.

Það er óumdeilt að eitt árangursríkasta vinnumarkaðsúræðið sem Vinnumálastofnun getur boðið skjólstaðingum sínum eru starfsmenntunarnámskeið og lykillinn að því er fjölbreytilegt úrval námsleiða. Allt bendir til að það sé sífellt að aukast.

Í ársskýrslu þessari er starfsemi stofnunarinnar reifuð í stórum dráttum og greint frá niðurstöðutölum úr ársreikningum sjóðanna sem stofnunin rekur. Eins og sjá má kennir hér margra grasa og það er von okkar að með lestri þessarar skýrslu verði menn nokkru nær um það mikilvæga viðfangsefni sem stofnunin sinnir.

Gissur Pétursson forstjóri  
september 2002



# Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar



## Stjórn Vinnumálastofnunar 2001 til 2005 er þannig skipuð:

Hrólfur Ölvissón, formaður, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, varaformaður, Ellert Eiríksson, Halldór Grönvold, Jón H. Magnússon, Jón Rúnar Pálsson, Sjöfn Ingólfsdóttir og Þórður Ólafsson.



# Starfið í hnotskurn

Starfsemi Vinnumálastofnunar er margþætt. Stofnunin starfar eftir lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997. Meginmarkmiðið með þeim lögum er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu með vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðum af ýmsu tagi. Upplýsingaöflun og rannsóknir á vinnumarkaðnum er mikilvægur þáttur í starfsemiinni sem og þátttaka í erlendu samstarfi á vinnumálasviði, en Íslendingar eru þátttakendur í samstarfi um vinnumiðlun á evrópska efnahagssvæðinu (EURES).

Auk vinnumiðlunar hefur Vinnumálastofnun umsjón með skráningu atvinnuleysis, greiðslu atvinnuleysisbóta og úrskurði um atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997. Atvinnuleysistryggingasjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga eru í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórna. Þá annast Vinnumálastofnun skrifstofuhald fyrir Ábyrgðasjóð launa á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, Félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Ennfremur annast stofnunin daglega umsýslu Starfsmenntaráðs, atvinnumála kvenna og Lánatryggingasjóðs kvenna.

Veiting atvinnuleyfa til útlendinga utan hins evrópska efnahagssvæðis er á höndum Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum nr. 133/1994. Ný lög um atvinnuréttindi útlendinga taka gildi um áramótin 2002/2003.

## Húsnæðis- og starfsmannamál

Ný skrifstofa Svæðisvinnumiðlunar Suðurnesja var formlega opnuð 2. mars 2001 í framhaldi af því að Vinnumálastofnun tók yfir rekstur vinnumiðlunarinnar úr höndum Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanesbæjar um áramótin 2000/2001. Skrifstofan er til húsa að Hafnargötu 55 í Reykjanesbæ.

Þann 1. júní 2001 var formlega opnuð í Vestmannaeyjum skrifstofa Svæðisvinnumiðlunar Suðurlands og er hún til húsa í Rannsóknarsetri Háskóla Íslands, Strand-



Eiríkur Svavarsson og Þórður Ólafsson undirrita kaupsamning vegna kaupa á Engjateigi 11.

vegi 50. Starfsmaður skrifstofunnar er Margo Renner sem áður starfaði hjá Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja. Á skrifstofunni er sinnt hefðbundnum vinnumiðlunarstörfum, gerð starfsleitaráætlana og skipulagningu vinnumarkaðsaðgerða auk margháttaðra samskipta við atvinnulífið. Þá fluttust til skrifstofunnar skráningarverkefni sem Verkalýðsfélag Vestmannaeyja hefur sinnt til þessa í þjónustu Vinnumálastofnunar samkvæmt sérstökum samningi.

Í byrjun árs 2002 flutti Svæðisvinnumiðlun Austurlands í nýtt húsnæði að Miðási 1 á Egilsstöðum. Þá var einnig gengið frá kaupum Atvinnuleysistryggingasjóðs á því húsnæði sem Vinnumálastofnun hefur haft á leigu undanfarin ár fyrir skrifstofu Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins að Engjateigi 11.



Starfsmenn Svæðisvinnumiðlunar Austurlands, Jóhann G. Gunnarsson, Ólöf M. Guðmundsdóttir og Svava Friðriksdóttir.

Jóngeir Hlinason gegndi starfi forstöðumanns Svæðisvinnumiðlunar Vesturlands í eitt ár frá miðju ári 2001 til miðs árs 2002 í fæðingarorlofi Guðrúnar S. Gísladóttur. Þann 1. október tók Karl Sigurðsson við starfi forstöðumanns vinnumálasviðs Vinnumálastofnunar.

### Ýmis verkefni

Nokkrir ráðgjafar og forstöðumenn Svæðisvinnumiðlana stunda nú fjarnám í náms- og starfsráðgjöf, sem hófst haustið 2001 við félagsvísindadeild HÍ. Námið er 34 eininga viðbótarnám við B.Ed. eða B.A. gráðu í félagsvísindum, einkum ætlað þeim sem sinna starfsráðgjöf á vinnumiðlunum og námsráðgjöf í skólum. Í tengslum við námið hafa flestir þátttakendur kynnt sér náms- og starfsráðgjöf erlendis. Forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða, Guðrún Stella Gissurardóttir, fór til Tékklands og kynnti sér fyrirkomulag námsráðgjafar þar í landi og heimsótti m.a. félags- og vinnu- málaráðuneytið og vinnumiðlanir víðsvegar um Tékkland. Forstöðumenn svæðisvinnumiðlana Austurlands og Norðurlands vestra, Ólöf M. Guðmundsdóttir og Líney Árnadóttir, fóru í starfsþjálfun til Capital Careers í London þar sem þær kynntu sér framkvæmd Breta á náms- og starfsráðgjöf fyrir ungt fólk og fullorðna. Þór Hreinsson, ráðgjafi á Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og Valgeir B. Magnússon, ráðgjafi á

Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra, kynntu sér ýmsa þætti ráðgjafar í Helsinki og Margo Renner, ráðgjafi í Vestmannaeyjum fór til Orkneyjar í sama tilgangi.

Á árinu 2001 var ráðist í formlega stefnumótunarvinnu af hálfu Vinnumálastofnunar. Verkefnið hófst með sérstökum stefnumótunarfundi stjórnar Vinnumálastofnunar að Úlfhljótsvatni í nóvember. Stefnumótunarvinnu hefur svo verið fram haldið á árinu 2002 með sérstökum grein- ingarfundi forstöðumanna Svæðisvinnumiðlana og fleiri aðila innan Vinnumálastofnunar og myndaður var starfshópur um útfærslu og framkvæmd þeirra atriða sem brýnast þótti að koma í framkvæmd. Stefnumótunarvinnan var unnin með aðstoð ráðgjafa hjá IMG.

Vinnumálastofnun tók þátt í Viku símenntunar sem var haldin dagana 3.-9. september 2001 og var þema vikunnar að þessu sinni Ísland og umheimurinn, tungumál og tölvukunnátta. Svæðisvinnumiðlanirnar tóku virkan þátt í starfinu og höfðu samstarf við símenntunarmiðstöðvar og aðra aðila um uppákomur og kynningar. Sem dæmi bauð Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða, í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða, upp á örnámskeið í pólsku fyrir Íslendinga á vinnustöðum víðsvegar um Vestfirði. Var námskeiðið hugsað til að greiða fyrir jákvæðum samskiptum Íslendinga og Pólverja og slá á fordóma gagnvart útlendingum í íslensku samfélagi. Jafnframt var hugmyndin að kveikja áhuga Pólverja á íslenskunámi. Námskeiðin enduðu á dansi þar sem Íslendingar buðu erlendum samstarfsmönnum sínum upp á pólsku og var dansað við pólska tónlist.

Svæðisvinnumiðlun Suðurlands fékk styrki úr Leonardo da Vinci námssjóði Evrópusambandsins á árinu 2000 og var verkefnunum hrint í framkvæmd á árunum 2001 og 2002. Meginstyrkurinn var til að kosta 10 ungmenni á atvinnuleysisskrá til náms- og starfsþjálfunar erlendis og fóru þau til Bournemouth á Englandi í 10 vikur sumarið 2002. Hinn styrkurinn var ætlaður starfsfólki Svæðisvinnumiðlunar Suðurlands til starfskynningar í Svíþjóð og nýtti Svavar Stefánsson, forstöðumaður, sér sinn

#### Hér eru dæmi um það sem kennt var á örnámskeiðinu í pólsku, en framburð orðanna er að finna í svigunum.

dzień dobry	góðan dag	( <i>djin dobri</i> )
dowidzenia	bless	( <i>dovidsjenia</i> )
dobry wieczór	gott kvöld	( <i>dobri vétur</i> )
dobranoc	góða nótt	( <i>dobra nods</i> )
jak się nazywasz	hvað heitir þú	( <i>jak sján nasivass</i> )
nazywam się	ég heiti	( <i>nasivam sján</i> )
co to jest	hvað er þetta	( <i>soto jest</i> )
to jest	þetta er	( <i>to jest</i> )
gdzie mieszkasz	hvar áttu heima	( <i>gidsje mjess kass</i> )
jak się czujesz	hvernig líður þér	( <i>jak sján tújess</i> )
dziękuję dobrze	vel, takk	( <i>dsin kúje dobsje</i> )
zatanzysz	viltu dansa	( <i>zatan tuch</i> )
rozumiesz	skilurðu	( <i>rosúmjess</i> )




## Könnun á stöðu og högum langtímaatvinnulausra

Haustið 2001 var gerð athugun á stöðu og högum langtímaatvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu til að athuga hvort hægt væri að greina hvaða ástæður lægju að baki því að þessi hópur væri enn án vinnu þrátt fyrir töluverða eftirspurn eftir vinnuafli. Könnunin var unnin af Vinnumálastofnun að frumkvæði Eflingar – stéttarfélags. Margvíslegra upplýsinga var aflað s.s. um menntun, fjölskylduhagi, afkomu, námskeiðssókn og andlega líðan.

Meginniðurstöður könnunarinnar eru þær að langtímaatvinnuleysi er einkum að finna meðal eldra fólks annars vegar – bæði karla og kvenna, og ungra kvenna hins vegar, oft með börn á framfæri. Margar þessara kvenna komu á atvinnuleysisskrá eftir að fæðingarorlofi lauk og er það næstalgengasta ástæðan sem konurnar gáfu upp, næst á eftir skipulagsbreytingum í fyrirtækinu. Samdráttur hjá fyrirtækinu er helsta ástæða atvinnuleysis hjá körlum en veikindi eru önnur helsta ástæðan hjá þeim.

Tengsl langtímaatvinnuleysis og menntunar eru nokkuð sterkt hjá konum. Áhugi þeirra á námi er þó töluverður, en svo virðist sem félagslegar aðstæður og peningaleysi komi í veg fyrir að þær geti látið verða af því að mennta sig. Þannig segjast 66% langtímaatvinnulausra kvenna hafa áhuga á lengra námi og er áhuginn mestur á almennu bóklegu framhaldsnámi og styttra starfsnámi. Þessi áhugi fer saman við það hve margar konur hafa hætt í námi á framhaldsskólastigi. Allnokkur hópur kvennanna hefur einnig lokið ýmsum starfstengdum námskeiðum og styttra námi. Hjá körlum er ekki að sjá sama



áhuga á menntun, enda eru tengsl langtímaatvinnuleysis og menntunar ekki eins skýr hjá þeim og konunum og eru aðrar skýringar á langtímaatvinnuleysi þeirra nærtækari s.s. veikindi. Almennt má segja að langflestir þátttakendur hafi jákvæða afstöðu til vinnunnar, hún hefur skipað þýðingarmikinn sess í lífi flestra og margir nefndu að félagslegt gildi vinnunnar væri þeim mikils virði. Rúmlega helmingur allra þátttakenda segir atvinnuleysið hafa haft slæm áhrif á andlega líðan og að sjálftraust þeirra hafi minnkað í kjölfar atvinnuleysisins. Hljóta þessar háu tölur um áhrif atvinnuleysis á andlega líðan að vera verulegt áhyggjuefni og ábending um að þörf sé á sérstökum stuðningi við langtímaatvinnulausa á þessu sviði.

styrk og dvaldi í tvær vikur í Luleå og víðar sumarið 2001. Nánar er fjallað um þetta verkefni í kafla um aðgerðir í vinnumarkaðsmálum.

Hafist var handa við útgáfu bæklinga á árinu 2001 með ýmsum upplýsingum er varða starfsemi Vinnumálastofnunar. Fyrstu 5 bæklingarnir komu út í mars 2002 og heita þeir: atvinnuleitandi, vinnuveitandi, sérstök verkefni, starfsþjálfun og atvinnuleysistryggingar.

### Rannsóknir og ráðstefnur

Vinnumálastofnun framkvæmdi tvisvar á árinu 2001 kannanir meðal fyrirtækja á stöðu og horfum á vinnumarkaði. Í maí var lagt mat á horfur innan byggingariðnaðarins og í desember var sjónum beint að atvinnuhorfum á höfuðborgarsvæðinu. Á vormánuðum 2002 var svo gerð könnun á eftirspurn eftir vinnuafli í flestum atvinnugreinum á landinu öllu. Með þessum athugunum er reynt að leggja mat á horfur á

vinnumarkaði næstu mánuði til að auðvelda starfsfólki Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana vinnumiðlunarstarfið og að bregðast við breytingum á vinnumarkaði. Nánar er fjallað um rannsóknirnar í kafla um vinnumarkaðinn.

Í september 2001 hófst rannsókn á stöðu og högum langtímaatvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu. Þótti ástæða til að athuga hvaða ástæður lægju að baki því að þessi hópur væri án vinnu þrátt fyrir að atvinnuástand hafi þá verið mjög gott um nokkuð langt skeið. Könnunin var unnin af Vinnumálastofnun að frumkvæði Eflingarstéttarfélags.

Í október 2001 var haldin norræn ráðstefna á vegum Vinnumálastofnunar um þjónustu vinnumiðlana við innflytjendur. Ráðstefnan var haldin að undirlagi norrænnar samstarfsnefndar um vinnumarkaðsþjónustu og hafði Frank Friðrik Friðriksón sérfræðingur á Vinnumálastofnun yfirmun sjón með verkefninu en Soffía Ágústsdóttir ráðgjafi á Vinnumiðlun höfuðborgar-

## Norræn ráðstefna á vegum Vinnumálastofnunar um þjónustu vinnumiðlana við innflytjendur

Í tengslum við norrænt verkefni um þjónustu vinnumiðlana við innflytjendur á Norðurlöndum, var á vegum Vinnumálastofnunar haldin ráðstefna um efnið á Hótel Loftleiðum í október 2001.

Ráðstefnuna má rekja til þess að norræn samstarfsnefnd um vinnumarkaðsþjónustu ákvað að kortleggja þjónustu vinnumiðlana við innflytjendur á Norðurlöndum. Soffía Ágústsdóttir ráðgjafi á Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins var verkefnisstjóri þeirrar nefndar sem falið var að vinna að málinu og var ráðstefnan, auk skýrslu um ástandið í einstökum Norðurlöndum, lokapátturinn í vinnu nefndarinnar.

Alls tóku 20 erlendir þátttakendur þátt í ráðstefnunni og um 36 innlendir. Flutt voru ýmis erindi m.a. um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði í Danmörku, um þjónustu vinnumiðlunar við innflytjendur á Vestfjörðum, um hæfingu nýrra innflytjenda í Norgegi, um langtímaatvinnulausa í Finnlandi og um samstarfsverkefni ýmissa opinberra stofnana í innflytjendamálum í Svíþjóð. Einnig voru flutt erindi um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði, um sjónarmið atvinnurekenda og um erlenda ríkisborgara og vinnumarkaðinn - reynsla frá nokkrum Norðurlöndum.

Að loknum erindum var skipað í starfshópa sem í voru 5 sérfræðingar frá hverju landi.

Helstu niðurstöður hópanna voru að:

- aðlögun innflytjenda að vinnumarkaðnum ætti að hefjast um leið og innflytjandinn kemur til landsins með greiningu á þekkingu og færni viðkomandi
- koma þyrfti á kerfi sem metur færni innflytjenda, bæði formlega færni eins og próf, sem og raunfærni sem viðkomandi býr yfir
- reyna eigi að tryggja atvinnu þeirra innflytjenda sem



Fjölmenningarlegi barnakórinn Heimsljósinn undir stjórn Júlíönu Indriðadóttur.

eru þegar komnir til landsins eins og kostur er áður en nýir innflytjendur koma til landsins

- nauðsynlegt sé að trygg atvinna sé fyrir hendi strax eftir komu innflytjandans til landsins og ef þörf er á, að beita vinnumarkaðsaðgerðum til aðstoðar
- eðlilegt væri að hið opinbera bæri ábyrgð á innflytjendastefnunni og aðlögun innflytjandans að samfélaginu en sveitarfélögin skipti miklu máli við framkvæmd stefnunnar
- svæðisbundnar skrifstofur leiðbeini útlendingum varðandi það hvernig þeir geti aukið færni sína með þau störf í huga sem eru í samræmi við óskir viðkomandi.

Niðurstöður þessara starfshópa voru notaðar við gerð lokaskýrslu um þjónustu vinnumiðlana við innflytjendur á Norðurlöndum sem Norræna ráðherranefndin gefur út.

svæðisins var verkefnisstjóri þeirrar nefndar sem falið var að vinna að málinu. Unnið er að útgáfu lokaskýrslu ráðstefnunnar.

### Fjármál

Á árinu 2001 varð halli á rekstri Vinnumálastofnunar um 10,9 milljónir króna í samanburði við 3,8 milljóna króna tekjuafgang á árinu 2000. Þjónustutekjur og framlög frá öðrum en ríkissjóði námu 204,6 milljónum króna, þar af voru þjónustutekjur vegna þjónustu fyrir Atvinnuleysistrygg-

ingasjóð og aðra sjóði, ráð og nefndir 199,3 milljónir. Framlag ríkissjóðs var á árinu 153,5 milljónir. Útgjöld námu um 369 milljónum króna.

Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnuleysisbóta voru 1.447 milljónir kr., sem er nokkru hærri upphæð en á fyrra ári, og skýrist af auknu atvinnuleysi, einkum í lok árs. Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til starfsmenntunar voru 54,7 milljónir, sem er lítið eitt lægra en á síðasta ári. Í árslok 2001 var eignastaða Atvinnuleysistryggingasjóðs 8.367 milljónir kr. og hefur hún hækkað um 32% á árinu.



# Vinumarkaðurinn árið 2001

Eftirspurn eftir vinnuafli var mikil lengst af ársins 2001 líkt og síðustu ár þar á undan. Fjöldi fólks á vinnumarkaði hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár, samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar og var fjöldi á vinnumarkaði kominn í um 163 þúsund manns árið 2001 en var um 160 þúsund árið áður og 156 þúsund árið 1999. Atvinnuþátttaka er þó svipuð og árin á undan, þannig að fjölgun á vinnumarkaði helst að mestu í hendur við fólksfjölgun. Fjölgun vinnuafls hefur einkum komið fram á höfuðborgarsvæðinu og er það í samræmi við þá fólksfjölgun sem þar hefur verið undanfarin ár. Á höfuðborgarsvæðinu var vinnuaflið rúmlega 101 þúsund manns árið 2001 samanborið við um 98 þúsund árið 2000. Á landsbyggðinni var vinnuaflið um 61 þúsund manns árið 2001 sem er svipað og árið áður.

Í lok árs 2001 tók að draga hratt úr eftirspurn eftir vinnuafli, einkum í byggingariðnaði og þjónustustarfsemi af ýmsu tagi. Þá sá fyrir endann á miklum stórframkvæmdum í byggingariðnaði og það ásamt minnkandi eftirspurn á fasteignamarkaði olli miklum samdrætti í greininni á síðustu 2 mánuðum ársins með mikilli aukningu atvinnuleysis innan byggingariðnaðarinnar og hefur ástandið haldist svipað á árinu 2002.

Afleiðingar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september höfðu mikil áhrif á ferðaþjónustu í heiminum og kom það einnig fram hér á landi og fækkaði erlendum ferðamönnum mikið fyrstu mánuðina í kjölfarið. Flugleiðir brugðust við með mikilli fækkun starfsfólks auk þess sem samdrátturinn bitnaði á starfsemi hótél- og veitingahúsa og verslun að einhverju leyti. Samdráttaráhrif á ferðaþjónustu hérlendis virðist þó ekki ætla að verða mikil til lengri tíma litið og virðist afkoma í ferðaþjónustugreinum á árinu 2002 á heildina litið ekki ætla að verða verri en árið áður.

Mikil aukning varð í verslunarrými á árinu 2001 með tilkomu Smáralindar. Tímabundin aukning eftirspurnar eftir fólki til verslunarstarfa varð í kjölfarið í lok ársins. Sú aukning gekk að mestu til baka í byrjun árs 2002 og varð töluvert atvinnuleysi



meðal verslunarfólks framan af árinu 2002.

Þegar líða tók á árið 2001 minnkaði hratt eftirspurn eftir vinnuafli í greinum tengdum tölvuþjónustu og upplýsingatækni og einnig í fjármálaþjónustu og skyldri starfsemi.


Þessi þróun endurspegladist í að sú fjölgun starfandi fólks sem verið hafði viðvarandi innan þessara greina síðustu ár stöðvaðist að mestu árið 2001 og vart varð aukins atvinnuleysis innan þessara greina, sem var nánast ekkert síðustu misserin þar á undan.

## Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi árið 2001 var aðeins 1,4% sem er litlu hærra en árið áður og með því lægsta sem verið hefur síðasta áratug. Þetta atvinnuleysi jafngildir því að 2.009 manns hafi að jafnaði verið á atvinnuleysis-skrá árið 2001. Á fyrstu mánuðum ársins 2001 var atvinnuleysið um 1,5 til 1,6% en var um 1 til 1,2% yfir sumarmánuðina og fram í október, en á þeim tíma árs er at-



vinnuleysi að jafnaði með minnsta móti. Samhliða minnkandi umsvifum í hagkerfinu jókst atvinnuleysi hratt í lok ársins og var komið í 1,9% í desember og fór í um tvö



og hálf prósént á fyrstu mánuðum ársins 2002, hæst í 2,7% í mars.

Atvinnuleysi jókst hratt í lok árs 2001 bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Á landsbyggðinni er það í takt við hefðbundna árs-

tíðasveiflu, enda náði atvinnuleysið hámarki í janúar 2002 (2,7%) og hefur lækkað hratt síðan. Atvinnuleysi á landsbyggðinni er þó meira en verið hefur undanfarin ár en mismunandi eftir svæðum. Á höfuðborgarsvæðinu er aukning atvinnuleysis óvenjumikil og hélt raunar áfram fram eftir árinu 2002 og náði ekki hámarki fyrr en í júní (2,8%). Þessi þróun er í beinu samhengi við það að samdráttur í efnahagslífinu hefur einkum verið innan atvinnugreina sem eru fjölmennar á höfuðborgarsvæðinu, s.s. verslunar, fjármálastarfsemi, tölvuþjónustu og hugbúnaðargerð og margs konar annarri þjónustustarfsemi.

Atvinnuleysi var sem fyrr meira meðal kvenna en karla á árinu 2001. Atvinnuleysi meðal kvenna var að jafnaði 1,9%, en 1,0% meðal karla. Atvinnuleysi er að jafnaði mest meðal

ósérhæfðs starfsfólks. Í nóvember 2001 var skráð atvinnuleysi 6,3% meðal ósérhæfðs starfsfólks, 2,2-2,3% meðal skrifstofufólks og verslunarfólks en nálægt 1% meðal fólks í öðrum starfstéttum.

Erfið staða ferðaþjónustunnar endurspegladist í því að í nóvember 2001 var atvinnuleysi mest meðal fólks í hótél- og veitingastarfsemi eða um 2,7%. Litlu lægra atvinnuleysi var meðal starfsfólks við fiskvinnslu (2,6%), og þá var atvinnuleysi um eða yfir 2% í iðnaði, sam-

göngum og fjarskiptum, fiskveiðum og verslun og þjónustu, en lægra í öðrum greinum.


Töluvert fór að bera á aukningu atvinnuleysis meðal ungs fólks samfara versnandi ástandi á vinnumarkaði seinni part ársins 2001. Í nóvember var atvinnuleysi meðal fólks á aldrinum 16-24 ára nokkru meira en meðal þeirra eldri, eða 2,2% á móti 2% meðal þeirra sem orðnir voru eldri en 54 ára og 1,4% fólks á aldrinum 25-54 ára.

Þeir sem verið hafa á atvinnuleysissskrá í 6 mánuði eða lengur eru flokkaðir sem langtímaatvinnulausir. Fjöldi langtímaatvinnulausra var á milli 400 og 500 lengst af ársins 2001, en langtímaatvinnulausum fækkaði mjög hratt árið 2000 samfara mikilli eftirspurn eftir vinnuafli. Þeim hefur svo fjölgað töluvert á árinu 2002 í kjölfar samdráttar í efnahagslífinu og þar með minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli.

### Skortur á vinnuafli

Skortur á vinnuafli var verulegur í ýmsum atvinnugreinum framan af árinu 2001, enda tók ekki að draga verulega úr þenslu í efnahagslífinu fyrr en líða tók á árið. Á fyrstu mánuðum ársins var því áfram veitt mikið af nýjum atvinnuleyfum vegna fólks utan hins evrópska efnahagssvæðis. Mjög dró úr útgáfu nýrra leyfa þegar leið á árið og í heildina voru gefin út færri ný atvinnuleyfi árið 2001 en árið áður, eða 1401 samanborið við 1663 á árinu 2000. Á árinu 2001 var um fjórðungur atvinnuleyfa veittur vegna starfa við fiskvinnslu, en einnig var hátt hlutfall atvinnuleyfa vegna starfa við ræstingar og eldhússtörf og ýmis iðnaðar- og verksmiðjustörf. Veittum atvinnuleyfum vegna starfa í byggingariðnaði fækkaði mjög frá árinu áður, enda dró verulega úr eftirspurn eftir vinnuafli í byggingariðnaði þegar leið á árið.

Kannanir Þjóðhagsstofnunar á vinnuafllspörf fyrirtækja á árinu 2001 sýndu að jafnvægi var að nást á vinnumarkaði og dró hægt og bitandi úr eftirspurn eftir vinnuafli eftir því sem leið á árið. Kannanir stofnunarinnar í janúar og apríl á árinu 2002




þeir sem verið hafa á atvinnuleysissskrá í 6 mánuði eða lengur eru flokkaðir sem langtímaatvinnulausir. Fjöldi langtímaatvinnulausra var á milli 400 og 500 lengst af ársins 2001, en langtímaatvinnulausum fækkaði mjög hratt árið 2000 samfara mikilli eftirspurn eftir vinnuafli. Þeim hefur svo fjölgað töluvert á árinu 2002 í kjölfar samdráttar í efnahagslífinu og þar með minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli.



## Staða og horfur á vinnumarkaði


Vinnumálastofnun framkvæmdi tvisvar á árinu 2001 kannanir meðal fyrirtækja á stöðu og horfum á vinnumarkaði. Í maí var lagt mat á horfur innan byggingariðnaðarins og í desember var sjónum beint að atvinnuhorfum á höfuðborgarsvæðinu. Á vor- mánuðum 2002 var svo gerð könnun á eftirspurn eftir vinnuafli í flestum atvinnugreinum á landinu öllu.

Í nóvemberkönnuninni 2001 var sjónum beint að vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu í ljósi þess að samdráttur í efnahagslífinu virtist einkum koma fram þar. Þessi athugun sýndi fram á að ástandið innan byggingariðnaðarins yrði mjög erfitt á næstu mánuðum og jafnvel misserum og búast mætti við mikilli aukningu atvinnuleysis innan þeirrar greinar. Nokkurs samdráttar mátti ein- nig vænta í iðnaði og verslunarstarfsemi.



Í apríl/maí 2002 var gerð rannsókn meðal fyrirtækja í flestum at- vinnugreinum um land allt. Margar athyglisverðar niðurstöður komu fram í þessari könnun, m.a. að samdráttur í efnahagslífinu virtist fyrst og fremst bitna á stærri fyrirtækjum, en minni fyrirtæki höfðu fremur hug á að fjölga starfsfólki. Fyrirtæki gera á heildina litið ráð fyrir að starfsfólk í nóvember verði heldur færri en í apr- íl/maí, en gera þó ráð fyrir að verkefnastaða fyrirtækisins verði heldur betri næsta vetur en þann síðasta. Það er einkum innan byggingariðnaðarins sem svartsýni gætir með stöðu mála haustið 2002 og veturinn 2003, en einnig í verslun og samgöngum.

sýndu á hinn bóginn töluverðan vilja til fækkunar starfsfólks. Hin litla eftirspurn eftir vinnuafli hefur einkum birst á höfuð- borgarsvæðinu. Kannanir Vinnumála- stofnunar í nóvember/desember 2001 og í apríl/maí 2002 hafa gefið svipaðar niður- stöður, sem og kannanir Samtaka atvinnu- lífsins meðal sinna félagsmanna. Í könnun vinnumálastofnunar frá því í apríl/maí 2002 eru þó vísbendingar um að samdrátt- ur verði ekki verulegur næsta vetur nema einna helst í byggingariðnaði.



# Vinnumiðlun

## Hlutverk og skipulag vinnumiðlunar

Vinnumálastofnun hefur með höndum yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu, samkvæmt lögum nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir. Markmið vinnumiðlunar er að stuðla að jafnvægi á milli framboðs og eftirspunar eftir vinnuafli í landinu. Þessu markmiði skal náð með því að Vinnumálastofnun í samvinnu við svæðisvinnumiðlanir og skráningaraðila atvinnulausra fylgist með þróun á vinnumarkaði og geri tillögur um viðeigandi aðgerðir.

## Vinnumálastofnun

Hlutverk Vinnumálastofnunar í vinnumiðlun og vinnumarkaðsmálum eru margvísleg. Hún skal hafa eftirlit með starfi svæðisvinnumiðlana og samræma starfsemi þeirra og auk þess veita starfsfólki svæðisvinnumiðlana faglega aðstoð og fræðslu. Hún skal afla upplýsinga frá svæðisvinnumiðlunum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur, vinna úr þeim upplýsingum og koma niðurstöðum, ábendingum og tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar. Þá skal hún fylgjast með þróun í vinnumarkaðsmálum erlendis, miðla upplýsingum þar um til hlutaðeigandi aðila og miðla í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar upplýsingum um vinnumarkaðinn hér á landi til erlendra aðila.

## Stjórn Vinnumálastofnunar

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fenginni tilnefningu helstu aðila vinnumarkaðarins. Formaður og varaformaður eru skipaðir án tilnefningar af ráðherra. Forstjóri Vinnumálastofnunar situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Vinnumálastofnunar fylgist með þróun vinnumarkaðarins, gerir tillögur til félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsaðgerðir og gefur ráðherra skýrslu um þróun vinnumarkaðarins og árangur vinnumarkaðsaðgerða. Stjórnin er umsagnaradili um lagafrumvörp og stjórnvaldsreglur sem snerta vinnumarkaðinn og hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Stjórnin fundar eigi sjaldnar en

einu sinni í mánuði og að auki skal hún halda reglulega samráðsfundi með hagsmunaaðilum vinnumarkaðarins ásamt aðilum sem búa yfir sérþekkingu á honum.

## Svæðisvinnumiðlanir

Landinu er skipt upp í átta vinnumiðlunarsvæði sem fylgja gömlu kjördæmamörkunum að mestu, nema hvað höfuðborgarsvæðið allt er eitt svæði og Suðurnes annað. Svæðisvinnumiðlanir eru starfandi á hverju svæði og stjórn þær vinnumiðlun og öðrum vinnumarkaðsaðgerðum á sínu svæði. Auk þess eru fjölmargir upplýsinga- og skráningarstaðir á hverju svæði.

Þau verkefni svæðisvinnumiðlana sem tengjast vinnumiðlun eru af ýmsu tagi. Þær vinna að því að útvega atvinnurekendum hæft starfsfólk og aðstoða fólk við atvinnuleit. Jafnframt veita þær upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun og sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun eftir því sem við á. Þá tekur svæðisvinnumiðlun saman og miðlar upplýsingum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur til svæðisráðs og Vinnumálastofnunar.

## Svæðisráð

Níu manna ráðgjafarnefnd, svæðisráð, er skipuð af félagsmálaráðherra í tengslum við hverja svæðisvinnumiðlun. Svæðisráðið er skipað þremur fulltrúum samtaka atvinnurekenda á svæðinu, þremur fulltrúum samtaka launþega, tveimur fulltrúum sveitarfélagsins og einum fulltrúa framhaldsskóla. Ráðherra skipar formann og varaformann úr þessum hópi. Forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar situr fundi svæðisráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Svæðisráðið fylgist með stöðu atvinnumála á sínu svæði og kemur með tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir sem það beinir til stjórnar Vinnumálastofnunar, sveitarfélaga, fyrirtækja eða annarra eftir því sem við á. Svæðisráð aðstoðar svæðisvinnumiðlun í að hrinda í framkvæmd úrræðum fyrir atvinnulausa, til dæmis með því að fá aðila til samstarfs um úrræði. Að minnsta kosti einu sinni á ári gefur svæðisráðið stjórn



## Úrræði fyrir ungt fólk

Á árinu 2000 fékk Svæðisvinnumiðlun Suðurlands á Selfossi úthlutað tveim styrkjum úr Leonardo Da Vinci námssjóði Evrópusambandsins. Annar styrkurinn var til að kosta 10 ungmenni á atvinnuleysiskrá til náms- og starfsþjálfunar í einhverju landa evrópska efnahagssvæðisins. Þessi styrkveiting er að því leyti merkileg að ekki hefur fyrr verið veittur styrkur til verkefnis þessu líkt. Fékk umsókn Svæðisvinnumiðlunar mjög jákvæða umsögn verkefnisstjórnar Leonardó fyrir frumleik verkefnis og notagildi. Hinn styrkurinn var ætlaður starfsfólki Svæðisvinnumiðlunar Suðurlands til starfskynningar á opinberum vinnumiðlunum í Svíþjóð. Forstöðumaður svæðisvinnumiðlunarinnar, Svavar Stefánsson, hagnýtti sér sinn styrk og dvaldi í starfsþjálfun í tvær vikur á árinu 2001.

Ákveðið var að velja nám og starfsþjálfun í Bournemouth í Englandi og var það gert í samvinnu við fyrirtækið Vistaskipti og nám í Reykjavík. Enskunámið og starfsþjálfunin fór þannig fram að ungmennin skyldu fyrstu fjórar vikurnar vera í enskunámi og dvelja á einkaheimilum. Eftir námið sá skólinn um að útvega þeim launaða starfsþjálfun við ýmis störf í um 10 vikur. Markmiðið með þessu var að auka kunnáttu og starfsefni þátttakenda sem myndi síðan auðvelda þeim að fá vinnu hér heima þegar þjálfuninni lýkur.

Valdir voru 5 piltar og 5 stúlkur til þátttöku í verkefninu víða af landinu. Hópurinn fór til Englands þann 5. maí 2002 og áætlaði að koma til baka 10. ágúst. Svavar Stefánsson fór með hópnum út og var þeim innan handar fyrstu vikuna. Talsverðar vonir voru bundnar við þetta verkefni en þó var ljóst að það var erfitt og gerði talsverðar kröfur til þátttak-



Ungmennin mætt til London

enda. Flestir þátttakendanna sóttu skólanámið ytra. Það olli hins vegar nokkrum vonbrigðum að starfsþjálfunin gekk ekki eins vel. Komu 5 þátttakendanna heim í byrjun starfsþjálfunartímabilsins. Hinir byrjuðu starfsþjálfunina en aðeins tveir luku henni að fullu. Ástæða þess að starfsþjálfunin gekk ekki upp hjá öllum voru m.a. veikindi, heimþrá og vonbrigði með vinnuáðstöðu. Er nú unnið að lokaskýrslu um verkefnið sem verður tilbúin í október.

Ljóst er þó að hér er um nýjan möguleika að ræða í úrræðum fyrir ungt fólk. Dýrmæt reynsla liggur fyrir þar sem kunnir eru ágallar og hvað má betur gera í undirbúningnum. Í upphafi var það ljóst að um tilraun var að ræða og margt gagnlegt hefur áunnist. Tíminn leiðir það svo í ljós hvort aftur verður reynt með álíka úrræði og þá byggt á fenginni reynslu.

Vinnumálastofnunar skýrsla um atvinnuástand og árangur vinnumarkaðsaðgerða á sínu svæði. Svæðisráð fundar eftir þörfum en að jafnaði einu sinni í mánuði.

### Vinnumiðlun í tölum

Heildarfjöldi þeirra sem komu á skrá svæðisvinnumiðlana var 11.134 manns um land allt á árinu 2001, sem er um 18% fjölgun frá árinu áður. Af þeim voru afskráðir 8.015. Afskráðir eru því um 72% af öllum sem komu á skrá, sem er heldur lægra hlutfall en árið 2000. Ekki var mikill munur milli svæða, en hæst fór hlutfall afskráðra á Vestfjörðum í 82%.

Laus störf sem fyrirtæki óskuðu eftir starfsfólki í hjá svæðisvinnumiðlunum á árinu 2001 voru um 4.250 sem er nokkru meira en árið áður. Ráðið var í um 900 þessara starfa fyrir milligöngu opinberra vinnumiðlana, eða í ríflega 21% samanborið við 25% árið 2000. Hafa verður í huga að eingöngu er skráð að um ráðningu sé að ræða ef fyrir því er full víska. Í mörgum tilvikum er ráðning tilkomin fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlana án þess að svæðisvinnumiðlun fái um það vitneskju. Hlutfall starfa sem ráðið er í fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlana er því að lágmarki 21% en að öllum líkindum töluvert hærra.

## EES-vinnumiðlun



Á ársfundi EURES á Íslandi í mars 2001.

EURES (EUROpean Employment Services), er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á evrópska efnahagssvæðinu. Íslenskt heiti þess er EES-vinnumiðlun og er hún til húsa í verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði. Tveir euresráðgjafar starfa nú við EES-vinnumiðlunina, Jón Sigurður Karlsson deildarstjóri og Dröfn Haraldsdóttir sem kom til starfa 1. júní og tók við af Sigrúnu Ernu Geirsdóttur sem hætti eftir tveggja ára farsælt starf. Á öllum svæðisvinnumiðlunum eru auk þess starfandi tengiliðir sem geta veitt ráðgjöf og/eda nánari upplýsingar um þjónustuna.

Um 500 euresráðgjafar mynda samskiptanet í öllum ríkjum EES. Þetta samskiptanet tengir saman opinberar vinnumiðlanir á evrópska efnahagssvæðinu. Markmiðið er að auðvelda fólki að fá störf í öðrum EES-löndum og stuðla þannig að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli á svæðinu.

Euresráðgjafar búa yfir sérfræðiþekk-



Á ársfundi EURES á Íslandi í mars 2001.

ingu í atvinnumálum á evrópska efnahagssvæðinu og veita auk þess upplýsingar um ýmis önnur málefni eða vísa áfram til viðeigandi sérfræðinga, m.a. um almannatryggingar og heilsugæslu, skattamál, menntamál, starfsþjálfunartækifæri, samburð á starfsréttindum, framfærslu og húsnæðiskostnað og ýmis hagnýt heimilisföng.

Á árinu 2001 voru skráð samskipti við atvinnuleitendur, (tölur í svigum eiga við árið 2000), 4.138 (3.269), við atvinnurekendur 767 (1.061) og 982 (863) við ýmsa aðra aðila. Umsóknir frá EES-borgurum sem fóru um hendur evróráðgjafa voru 2.325 (1.240), þar af komu 305 til starfa, heldur færri ráðningar en árið áður. Það má því gera ráð fyrir 7-8 umsóknum um hvert starf. Ein skýring á fjölgun umsókna er að í maí var sett upp rafrænt umsóknareyðublað á internetinu, sem flýttir mjög afgreiðslu þeirra. Samskiptum við atvinnuleitendur fjölgaði um 26% en samskiptum við atvinnurekendur fækkaði um 28%. Fyrirspurnir frá Íslendingum um störf í öðrum EES-löndum voru álíka margar og árið áður, en fyrirspurnum atvinnuleitenda frá öðrum EES-löndum hélt áfram að fjölga.

Vinnuafllspörf íslenskra fyrirtækja jókst fram eftir ári 2001, en síðustu þrjú mánuðina mátti merkja fækkun einkum í störfum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsta vísbending um minna framboð var að þekkingariðnaðurinn (upplýsingatækni) hætti að mestu að auglýsa vegna atvinnuleyfa á fyrri hluta ársins. Á öllu árinu voru 346 (323) auglýsingar vegna liðlega 1.000 starfa færðar í sameiginlegan gagnagrunn EURES-kerfisins í Brussel, heldur fleiri en árið 2000. Störfin spönnuðu allar greinar en heldur dró úr fjölbreytni á síðari hluta ársins. Þar á meðal voru auglýsingar eftir smiðum, forriturum, hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, auk starfa í landbúnaði og fiskvinnslu. Eftirspurn eftir mönnum til starfa í byggingariðnaði féll með haustinu, en eftirspurn í heilbrigðisgreinum hélst nokkuð óbreytt út árið.

Auglýst störf á Íslandi í sameiginlegum gagnagrunni EES-vinnumiðlunar skiptast svo eftir atvinnugreinum:



	2001	2000
Landbúnaður	26%	10%
Kjötvinnsla	17%	22%
Fiskvinnsla	21%	10%
Framleiðsluiðnaður	10%	7%
Byggingariðnaður	7%	18%
Veitinga- og gistihús	7%	12%
Heilbrigðisstofnanir	4%	9%
Upplýsingatækni	5%	8%
Annað	3%	4%

Það var misjafnt eftir greinum hversu vel tókst að fylla störfin. Þegar á heildina er lítið tókst að manna liðlega 30% af störfunum. Hæsta hlutfall, 96% var í landbúnaðar- og garðyrkjustörfum, en einna lægst í upplýsingatækni, innan við 10%. Framboð starfa í landbúnaði, einkum garðyrkju jókst verulega á árinu. Framboð starfa á höfuðborgarsvæðinu féll eftir mitt árið. Sem fyrr var erfitt að fá leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði á höfuðborgarsvæðinu, en það leiddi oft til þess EES-borgarar treystu sér ekki til að þiggja atvinnutilboð þar. Þrátt fyrir margar umsóknir um fiskvinnslustörf voru ráðningar í slík störf hlutfallslega fáar. Ýmsar ástæður lágu að baki, í sumum tilfellum sérstakar aðstæður í húsnæðismálum, s.s. að húsnæði ættingjum starfsmanna utan EES bauðst húsnæði en ekki öðrum. Einnig skipta máli eindregnar óskir atvinnurekenda um lengd ráðningartímabils, einkum vegna þess að það tekur tíma að öðlast færni í starfinu. Þjónusta EES-vinnumiðlunar var valkostur sem boðinn var þeim sem vildu fá atvinnuleyfi fyrir fólk utan Evrópska efnahagssvæðisins og reyndist það í sumum tilvikum raunhæfur kostur, en ekki í öðrum.

Á árinu 2000 fór í gang verkefni til þess að efla samvinnu um árstíðabundin störf í sláturhúsum, en í því verkefni tóku þátt Ásmundur Sverrir Pálsson á Svæðisvinnumiðlun Suðurlands, Frank Friðrik Friðriksson frá Vinnumálastofnun og Jón Sigurður Karlsson EES-vinnumiðlun. Áfram var unnið að því verkefni árið 2001. Ráðningar til sláturhúsanna voru um 64 haustið 2001 (60 árið 2000) og er það sem fyrr stærsta einstaka verkefnið á vegum EES-vinnumið-



*Eures-ráðgjafarnir Jón S. Karlsson og Sigrún Geirsdóttir með erlendum gesti á lokadegi ársfundar EURES 2001.*

unar. Umsóknnum fjölgaði frá fyrra ári og var möguleiki á að ráða fleiri, en vegna erfiðleika hjá kjötvinnslu Goða voru fáir ráðnir þangað. Almenn var vel látið af okkar fólki sem langflest kom frá hinum Norðurlöndunum. Samstarfið við svæðisvinnumiðlanir var eftt enn frekar á árinu í takt við þá stefnu að auka samþættingu EES-vinnumiðlunar við innlenda vinnumiðlun.

Alls voru 305 (336) EES-borgarar ráðnir gegnum EES-vinnumiðlun til íslenskra atvinnurekenda á árinu 2001, sem er um 10% fækkun frá árinu 2000. Fyrirspurnir bárust frá flestum EES-landanna, en milli 70-80% fyrirspurna voru frá hinum Norðurlöndunum og á það líka við um ráðningar.

Fjöldi ráðninga á Íslandi eftir upprunalandi:

	2001	2001	2000	2000
Svíþjóð	136	45%	174	52%
Danmörk	41	13%	37	11%
Finnland	51	17%	34	10%
Bretland	18	6%	23	7%
Belgía	18	6%	20	6%
Holland	5	2%	16	5%
Ítalía	4	1%	12	4%
Þýskaland	10	3%	9	3%
Noregur	10	3%	5	2%
Frakkland	3	1%	4	1%
Spánn	6	2%	2	1%
Grikkland	2	1%		
<b>Samtals</b>	<b>305</b>	<b>100%</b>	<b>336</b>	<b>100%</b>



*Dröfn Haraldsdóttir euresráðgjafi kynnir eureskerfið fyrir starfsfólki svæðisvinnumiðlana á haustfundum EES-vinnumiðlunar 2001.*

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar má ætla að um 800 EES-borgarar á vinnualdri hafi flutt til Íslands á árinu 2001. Það má ætla að allmargir hafi komið vegna persónulegra tengsla og hafi getað komist í vinnu án aðstoðar vinnumiðlunarkerfisins.

Vitað var um liðlega 50 Íslendinga sem fóru til vinnu í öðrum EES-löndum árið 2001, sem er heldur fleira en árið áður. Flest ber því að sama brunnni með að atvinnutækifæri hafi árið 2001 lengst af verið betri á Íslandi en víða annars staðar.

Einnig er veitt ráðgjöf þeim sem koma í atvinnuleit til Íslands eða fara utan með

vottorð E-303, sem veitir rétt til að flytja atvinnuleysisbætur í þrjá mánuði milli EES-landa.

EES-borgarar sem hafa verið í vinnu á Íslandi geta fengið vottorð E-301 sem staðfestir að iðgjald atvinnuleysistryggingar hefur verið greitt vegna starfa þeirra hér á landi og flytja þeir réttinn með sér. Útgáfa vottorðsins er háð því að atvinnurekandinn hafi greitt lögbundið tryggingagjald af laununum. Í nokkrum tilvikum þurfti að aðstoða fólk til þess að ná rétti sínum að þessu leyti.

Af öðrum verkefnum má nefna að EES-vinnumiðlun tók þátt í sameiginlegri kynningu Evrópusambandstengdra skrifstofa á Íslandi. Evrópurútan var sameiginlegt kynningarverkefni, en starfsemin (þar á meðal EES-Vinnumiðlun) var kynnt á fundum á þéttbýlisstöðum um allt land. Einnig hélt hópurinn úti dálki í Morgunblaðinu með reglulegu millibili.

Árlegur fundur EES-Vinnumiðlunar var haldinn í mars í Reykjavík með þátttöku fulltrúa frá Írlandi, Noregi, Danmörku og Norður-Írlandi.

Fundir voru haldnir með skráningaraðilum og starfsfólki svæðisvinnumiðlana á Norðurlandi eystra. Þá sinnir skrifstofan almennt vinnumiðlun í Hafnarfirði og næsta nágrenni.





# Aðgerðir í vinnumarkaðsmálum

Vinnumálastofnun hefur með höndum ýmsar aðgerðir sem eiga að stuðla að því að auðvelda fólki að komast út á vinnumarkaðinn. Auk starfsleitaráætlana, sem gerðar eru innan ákveðins tíma frá skráningu atvinnuleitanda, standa atvinnuleitendum til boða náms- og starfsúrræði af ýmsum toga.

## Starfsleitaráætlun

Samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997 skal svæðisvinnumiðlun með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda gera starfsleitaráætlun innan 10 vikna frá skráningu. Áætlunin er fyrst og fremst aðferð til að aðstoða hinn atvinnulausa við að leita kerfisbundið að vinnu og miðast við persónulegar forsendur hans. Starfsleitaráætlun er jafnframt tengd sérstökum aðgerðum til að bæta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaði.

Um er að ræða þrjár megingerðir starfsleitaráætlana. **Starfsleit 1** er samningur á milli svæðisvinnumiðlunar og atvinnuleitanda til 2-4 mánaða um hvernig atvinnuleit hans skuli háttáð næstu mánuði og hvort og þá hvaða úrræðum hann ætlar að taka þátt í. **Starfsleit 2**, sem venjulega er gerð að loknum gildistíma starfsleitar 1 eða eftir 4-6 mánaða atvinnuleysi, er áætlun um hvað atvinnuleitandinn ætlar að gera í atvinnuleit sinni og þátttöku hans í úrræðum á gildistíma áætlunarinnar. Fleiri möguleg úrræði eru í boði heldur en í tengslum við starfsleit 1. **Starfsleit 3**, sem að jafnaði er gerð eftir 10-12 mánaða atvinnuleysi, snýst um sérstaka greiningu og sérstök úrræði til að leysa vanda atvinnuleitandans. Atvinnuleitendur skila reglulega yfirliti yfir framgang starfsleitaráætlunar.

Eðlilega er mest um áætlanir sem falla undir starfsleit 1, en þær voru nálægt 3700 á landinu öllu á árinu 2001. Áætlanir sem falla undir starfsleit 2 voru um 650 og yfir 300 sem falla undir starfsleit 3. Hafa þer í huga þegar litið er á fjölda starfsleitaráætlana að sumir atvinnuleitendur hafa gert fleiri en eina starfsleitaráætlun. Þá ber að hafa í huga að nokkur munur er á útfærslu og framkvæmd starfsleitaráætlana milli svæðisvinnumiðlana. Á höfuðborgarsvæð-



inu og á Norðurlandi eystra er í meira mæli notuð hópráðgjöf við gerð starfsleitaráætlana en annars staðar þar sem nær eingöngu eru gerðar áætlunir með einstaklingsráðgjöf.

## Úrræði

Eitt verkefna svæðisvinnumiðlunar er að sjá til þess að hver og einn atvinnuleitandi eigi kost á úrræðum sem hafa það að markmiði að auka starfsgetu hans og starfsmöguleika. Úrræðin miðast við þarfir og aðstæður hvers og eins atvinnuleitanda og bjóðast eingöngu í tengslum við starfsleitaráætlunir. Framboð og fjölbreytni þeirra úrræða sem atvinnuleitanda gefst kostur á að taka þátt í eykst í samræmi við það hve lengi hann hefur verið skráður atvinnulaus hjá svæðisvinnumiðlun. Þannig er gert ráð fyrir að í tengslum við starfsleit 1 séu færri úrræði en í tengslum við starfsleit 2 og 3.

**Námsúrræði.** Í tengslum við starfsleitaráætlun og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum getur atvinnuleitandi stundað nám á dagvinnutíma og fengið óskertar eða skertar atvinnuleysisbætur á sama tíma í samræmi við reglur þar um. Almenn séð er um að ræða styttra nám og námskeið og starfsnám sem ekki er lánshæft nám af hálfu Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Í tengslum við námsúrræði gera svæðisvinnumiðlun og atvinnuleitandi með sér námssamning þar sem fram kemur m.a. hvaða nám atvinnuleitandinn mun stunda, skuldbinding um ástundun og upplýsinga-

skyldu atvinnuleitanda til svæðisvinnu- miðlunar um framvindu námsins.

Um er að ræða þrjár mismunandi gerðir námsúrræða; nám í eina önn með starfi, nám í allt að þrjá mánuði og starfsnám í 1-2 annir. Á árinu nýttu 6 manns sér náms- úrræði af einhverju tagi.

**Starfsúrræði.** Svæðisvinnumiðlanir hafa heimild til að bjóða atvinnuleitanda sem uppfyllir ákveðin skilyrði upp á starfs- úrræði sem hefur það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika hans. Svæðis- vinnumiðlun og atvinnuleitandi gera með sér samning þar sem fram kemur m.a. um hvaða starf er að ræða, skyldur og réttindi atvinnuleitanda og ákvæði um mat og eftir-

lit svæðisvinnumiðlunar á starfsúrræðinu. Um þrenns konar form starfsúrræða er að ræða; starfskynningu, starfsþjálfun og reynsluráðningu.

Í starfskynningu heldur atvinnuleitandinn atvinnuleysisbótum sínum en í starfsþjálfun og reynsluráðningu fer hann af atvinnuleysis- skrá og vinnuveitandinn fær greitt sem nemur bótahlutfalli atvinnuleitandans. Á árinu 2001 fóru 99 manns í starfsþjálfun, 5 í reynsluráðningu og 1 í starfskynningu.

**Ýmis úrræði.** Önnur úrræði sem nýtt voru á árinu 2001 voru af ýmsum toga en alls voru um 900 atvinnuleitendur skráðir í önnur úrræði en þau sem falla beint undir náms- og starfsúrræði. Mest nýttu úrræðin

## Fjölsmiðjan

Fjölsmiðjan var formlega stofnuð 15. mars árið 2001. Stofnendur eru félagsmálaráðuneytið/Vinnumálastofnun, Rauði kross Íslands, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðar- bær, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær, Garðabær og Bessastaðahreppur. Mennta- málaráðuneytið hefur einnig stuðlað að stofnun Fjölsmiðjunnar og á fulltrúa í stjórn hennar. Þá hefur Kristján Guð- mundsson verið ráðgjafi við uppbyggingu á starfsemi Fjölsmiðjunnar.

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun og starfrækir verkþjálfunar- og framleiðslusetur. Hún er félagslegt, menntunar- og vinnumarkaðsúrræði fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára og er markmið starfseminnar að þroska persónuleika einstaklinganna og búa í haginn fyrir þá til aukins skólanáms eða þátttöku á hinum almenna vinnumarkaði.

Starfsemin skiptist upp í nokkrar deildir s.s. trésmíðadeild, hússtjórnar- og matreiðslu- deild, garðyrkjudeild og bílaþvottadeild. Skrifstofu- og tölvudeild er í farvatninu. Fram- leiðsla og þjónusta Fjölsmiðjunnar er seld á markaði og eiga tekjurnar að standa undir hluta af þeim kostnaði sem hlýst af rekstri hennar.

Þátttakendur fá greidd laun á meðan þau vinna í Fjölsmiðjunni eða halda þeim bótum sem þau eru á þ.e. félagslegri aðstoð eða atvinnuleysisbótum. Þeim ungmönnum á aldr- inum 16-18 ára og ekki njóta ofangreindra bóta, tryggir Rauði kross Íslands sömu laun þannig að allir þátttakendur verði á sömu launum sem miðast við atvinnuleysisbætur á hverjum tíma.

Þorbjörn Jensson gegnir starfi forstöðumanns Fjölsmiðjunnar og eru leiðbeinendur sam- tals 4 talsins. Nemar eru nú milli 30 og 40 talsins. Sjá nánar heimasíðu Fjölsmiðjunnar:

[www.fjolsmidjan.is](http://www.fjolsmidjan.is)





eru ýmis konar tölvunámskeið og sjálfstyrkingar- og starfsleitarnámskeið. Fjöldmörg önnur úrræði má nefna s.s. vinnuklúbba, skrifstofu- og bókhaldsnámskeið, menntasmiðjur, MFA-skólann, meirapróf eða vinnuvélanámskeið og tungumálanámskeið, þ.m.t. námskeið í íslensku fyrir útlendinga.


Á árinu 2001 var stofnað verkþjálfunar- og framleiðslusetur sem fékk heitið Fjölsmiðjan. Um er að ræða félagslegt menntunar- og vinnumarkaðsúrræði fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára. Sjá nánar um fjöllun um Fjölsmiðjuna í sérstökum ramma hér á opnunni.

### Skýrsla um úrræði svæðisvinnumiðlana fyrir atvinnuleitendur árið 2001

Unnin var skýrsla um úrræði svæðisvinnumiðlana fyrir atvinnuleitendur á svæðisvinnumiðlunum með yfirliti yfir helstu úrræði ársins auk þess sem gerð var tilraun til að meta árangurinn af úrræðum svæðisvinnumiðlana. Í því tilliti var litið til þess hver staða atvinnuleitanda var sem tók þátt í úrræði, þremur mánuðum eftir lok þess. Ef hann var ekki á atvinnuleysisráð á þessum tíma liðnum er það ákveðin vísbending um að viðkomandi úrræði hafi skilað einhverjum árangri. Forðast ber þó að draga of miklar ályktanir af þessu þar sem fjölmargt annað hefur áhrif á hvort eða hvenær atvinnuleit ber árangur eins og mismunandi tegundir úrræða, hvenær árs þau eru haldin og samsetning þátttakenda.

Sé þessi mælikvarði hins vegar notaður má segja að úrræði svæðisvinnumiðlana árið 2001 hafi borið 49% árangur, þ.e. rétt tæpur helmingur þeirra sem lauk þátttöku í úrræði var ekki á atvinnuleysisráð þremur mánuðum eftir lok viðkomandi úrræðis. Sami mælikvarði var notaður við mat á árangri úrræða árið 2000 og báru úrræði það árið 47% árangur og því um eilítla aukningu að ræða milli ára

Mikill munur kemur í ljós þegar borinn er saman árangur úrræða á milli landshluta. Á höfuðborgarsvæðinu þar sem 641 atvinnuleitandi var skráður af þeim 1191 sem skýrslan nær til, er hægt að tala um



34% árangur en á Norðurlandi vestra og Austurlandi, þar sem árangurinn mældist mestur, er um að ræða 85 og 86% árangur. Ber þó að líta til þess að í þessum landshlutum er um að ræða mun færri einstaklinga eða 118 á Norðurlandi vestra og einungis 21 á Austurlandi. Árangur úrræða á Norðurlandi vestra er einnig merkilegur að því leyti að um helmingur greindra úrræða skilar 100% árangri, þ.e. enginn sem tók þátt í viðkomandi úrræði er á atvinnuleysisráð þremur mánuðum eftir að því lauk.

Erfitt er að segja til um að ein tegund úrræðis skili almennt betri árangri en önnur vegna þess hve árangurinn sveiflast oft mikið á milli ára. Árið 2000 skiluðu t.d. starfsleitarsamningar á Norðurlandi eystra einna bestum árangri eða 83% en árið 2001 var sambærileg tala komin niður í 66%. Annað dæmi um miklar sveiflur á milli ára er starfsleit 2 á höfuðborgarsvæðinu en það er það úrræði sem flestir taka þátt í og ljúka. Einungis 28% þátttakenda í starfsleit 2 á árinu 2001 voru ekki á atvinnuleysisráð þremur mánuðum eftir að úrræðinu lauk en árið 2000 voru þeir 42%. Að teknu tilliti til þess að atvinnuástand árána var mjög svipað er erfitt að segja til um hvernig stendur á þessum miklu sveiflum á árangri úrræðanna.

Konur hafa í gegnum tíðina verið mun fjölmennari á atvinnuleysisráð en karlar. Niðurstöður þessarar greiningar styðja þá staðreynd að konur eiga erfiðara með að fá vinnu en karlar en 55% karla sem luku úrræði voru ekki á skrá þremur mánuðum síðar miðað við 46% kvennanna.

Þó ungir atvinnuleitendur séu iðulega fjölmennir á atvinnuleysisráð þá er hann

sá hópur sem skilar sér best út á vinnu-markaðinn eftir þátttöku í úrræði. Tæp 70% 16-19 ára sem luku úrræði voru ekki á skrá eftir þrjú mánuði og tæplega 60% þeirra sem voru 20-24 ára. Þeir sem elstir eru eiga jafnan erfiðast með að fá vinnu og kemur það greinilega fram hér þar sem einungis 22% þeirra sem ljúka úrræði í aldurs-hópnum 60-69 ára eru ekki á skrá þremur mánuðum síðar.

Niðurstöðurnar staðfesta að þeim mun erfiðara er fyrir einstakling að fá vinnu því lengur sem hann er atvinnulaus. Þeir sem verið hafa lengur en sex mánuði á atvinnuleysisskrá og teljast því langtímaatvinnulausir, skila sér illa út á vinnu-markaðinn eftir þátttöku í úrræði. Að sama skapi gengur þeim sem verið hafa stutt á atvinnuleysisskrá vel að fá vinnu eftir þátttöku í úrræði en 65% þeirra sem verið höfðu 0-3 mánuði á skrá við upphaf úrræðis voru þar ekki þremur mánuðum síðar.

### Sérstök verkefni á vegum svæðisvinnumiðlana

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að styrkja sérstök verkefni undir eftirliti svæðisvinnumiðlana. Verkefni þurfa að vera skýrt afmörkuð og tímabundin og mega ekki vera í samkeppni við aðila í hliðstæðum atvinnurekstri á landsvísu. Þá skulu þau unnin innan umdæmis viðkomandi svæðisvinnumiðlunar og nota skal vinnuafli af atvinnuleysisskrá þess umdæmis.

Styrkhæf verkefni geta verið af ýmsum toga, t.d. tímabundin verkefni fyrir atvinnu-

lausa á vegum opinberra aðila, stuðningur við atvinnulausa einstaklinga sem hyggjast stofna fyrirtæki og stuðningur við fyrirtæki við að skapa ný störf vegna nýrrar framleiðslu. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur endanlega ákvörðun um veitingu styrkja að fenginni umsögn framkvæmdaráðs sjóðsins.

Framlög til þessara verkefna voru um 15 milljón á árinu 2001 sem er nokkru lægri upphæð en árið áður. Alls var veittur styrkur til um 73 starfa á vegum um 28 aðila, en margir sóttu um til fleiri en eins starfs. Samtals gerðu þetta um 17 ársverk. Fyrirtæki og félagasamtök fengu mestu styrkina að þessu sinni, fyrirtæki um 37% og félagasamtök um 36%. Sveitarfélög fengu um 23% styrkjanna og einstaklingar 4%. Hlutfallslega hefur styrktum verkefnum á vegum sveitarfélaga fækkað umtalsvert síðustu ár á meðan verkefnum á vegum fyrirtækja og félagasamtaka hefur fjölgað nokkuð. Verkefni sem hlutu styrk voru af ýmsum toga, s.s. skógræktarverkefni, uppgræðsla, fegrin og gróðursetning, verkefni tengd söfnum – s.s. skráningar- og viðhaldsvinna af ýmsu tagi, vinna við íþróttasvæði, vinna með fötludum og ýmis þróunarvinna hjá fyrirtækjum eða á vegum einstaklinga.

### Atvinnumál kvenna

Sérstök áhersla er lögð á atvinnumál kvenna hjá Vinnumálastofnun. Ástæðan er sú að konur hafa víða haft færri tækifæri til atvinnu, einkum á landsbyggðinni og einnig er aðgangur kvenna að fjármagni til uppbyggingar atvinnustarfsemi oft lítill. Því hefur verið starfræktur sérstakur sjóður frá árinu 1991 sem annast styrkveitingar til kvenna.

Markmiðið með styrkveitingum hefur einkum verið að auka fjölbreytni í atvinnulífi, að viðhalda byggð um landið og efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni, auka aðgang kvenna að fjármagni, ekki síst fyrir konur sem stunda starfsemi sem nýtur síður fyrirgreiðslu í hefðbundnum lánastofnunum. Markmiðið er einnig að draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.





Árið 2001 bárust rúmlega 120 umsóknir og var 50 styrkjum úthlutað. Til úthlutunar voru kr. 20 milljónir og var úthlutað einu sinni á árinu. Veittir voru styrkir til verkefna einstaklinga og fyrirtækja, kvennasmiðja og félagasamtaka.

Höfnun á styrkumsóknum var einkum vegna samkeppnissjónarmiða, sótt var um rekstrarstyrki sem aldrei hafa verið veittir, eða að verkefni voru ekki hefðbundin kvennaverkefni en það eru verkefni sem eru í eigu kvenna og er stjórnað af konum.

### Lánatryggingasjóður kvenna

Lánatryggingasjóður kvenna hóf starfsemi 1998 sem þriggja ára tilraunaverkefni. Stofnendur sjóðsins eru félagsmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og iðnaðarráðuneyti. Vinnumálastofnun annast umsýslu sjóðsins.

Markmiðið með stofnun sjóðsins var að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á lánum, en sýnt þótti að konur ættu af ýmsum ástæðum erfiðara en karlar með að fá lán hygðust þær koma á fót atvinnurekstri.

Unnin var úttekt á starfsemi Lánatryggingasjóðsins eftir að tilraunatímabili hans lauk og ljóst þykir að sjóðurinn hefur staðið undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans. Starfsemi sjóðsins hefur skipt sköpum fyrir þau verkefni sem hlotið hafa tryggingu



hjá honum og fæst þeirra hefðu farið af stað án hans, samkvæmt úttektinni.

Þá var ákveðið að framhald yrði á starfsemi Lánatryggingasjóðsins í a.m.k. 3 ár til viðbótar. Samið var við Landsbanka Íslands um að annast lánveitingar til umsækjenda og veitir bankinn lánatryggingar til helminga á móti sjóðnum. Frá stofnun sjóðsins hefur verið sótt um 117 lánatryggingar og verið samþykktar 35 þeirra. Verkefni sem hlotið hafa tryggingu eru af ýmsu tagi. Einkum er þó að ræða verkefni á sviði þjónustu og framleiðslu iðnaðar en einnig verslunar og af ýmsum öðrum toga.

# Starfsmenntaráð

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992. Það heyrir undir félagsmálaráðuneytið og fær fjárframlög úr Atvinnuleysis-tryggingasjóði. Vinnumálastofnun annast daglega umsýslu ráðsins.



Frá afhendingu starfsmenntaverðlauna Starfsmenntaráðs í nóvember 2001.

Meginmarkmið Starfsmenntaráðs er að styðja viðleitni launafólks og fyrirtækja til að kljást við stöðugt flóknara vinnuumhverfi með því að efla atvinnulíf hér á landi og auka starfsmöguleika. Leiðir að því marki eru að sinna ráðgjöf til stjórnvalda á vettvangi starfsmenntunar og styðja við frumkvæði og uppbyggingu starfsmenntunar.

Starfsmenntaráð hefur umsjón með starfsmenntasjóði og árlega er auglýst eftir umsóknum í sjóðinn. Samtök atvinnurekenda og launafólks, fyrirtæki, starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina, eða menntastofnanir í samstarfi við ofangreinda aðila eiga rétt á að sækja um styrk í sjóðinn.

Viðmiðin sem Starfsmenntaráð gengur út frá við val á verkefnum til að styrkja eru að:

- verkefnin nái til sem flestra

- verkefnin mæti sýnilegri þörf á endurmenntun
- verkefnin séu unnin í samvinnu ólíkra aðila
- leggja áherslu á að styrkja verkefni sem ekki eru styrkt annars staðar.

Um 50 milljónum er úthlutað árlega. Verkefnin skulu stuðla að aukinni framleiðni fyrirtækja, greiða fyrir tækninýjungum og auka verkkunnáttu starfsfólks. Starfsmenntaráð fær afhend náms- og kennslugögn sem unnin hafa verið fyrir styrki úr starfsmenntasjóði og hefur góðan gagnagrunn yfir þessi gögn.

Ákveðið var í upphafi árs 2001 að þrenns konar verkefni skyldu styrkt á árinu; í fyrsta lagi þau er tengjast notkun Netsins í starfsmenntun, í öðru lagi verkefni sem stuðla að auknum gæðum starfsmenntunar og í þriðja lagi þau er stuðla að starfsmenntun erlends vinnuafsls. Alls bárust umsóknir um styrki til 78 verkefna að upphæð kr. 200.610.184. og styrkir veittir til 33 verkefna að upphæð 43.470.000 og skiptist styrkupphæðin þannig:

- Notkun internets í starfsmenntun: 43 umsóknir að upphæð rúmlega 130 milljónir, veitt til 14 verkefna að upphæð 20 milljónir
- Aukin gæði starfsmenntunar: 25 umsóknir að upphæð rúmlega 48 milljónir, veitt til 13 verkefna að upphæð 16,5 milljónir
- Starfsmenntun erlends vinnuafsls: 10 umsóknir að upphæð 22 milljónir, veitt til 6 verkefna að upphæð 6,9 milljónir

Að auki voru þrjár aðrir styrkir veittir á árinu samtals að upphæð 6,2 milljónir.

Sú nýjung var gerð á árinu að aðeins var tekið við umsóknum á rafrænu formi og auðveldaði það alla vinnu við afgreiðslu umsókna.

Sjá nánar um Starfsmenntaráð á heimasíðu ráðsins [www.starfsmenntarad.is](http://www.starfsmenntarad.is)

# Atvinnuleysistryggingar

Vinnumálastofnun sinnir ýmsum þáttum atvinnuleysistrygginga. Þannig annast svæðisvinnumiðlanir skráningu atvinnulausra ásamt skráningarstöðum og hafa eftirlit með því að umsækjendur um atvinnuleysisbætur fullnægi skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar. Skulu þær miðla upplýsingum til úthlutunarnefnda um atvinnulausa og jafnframt tilkynna úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta ef rökstudd ástæða er til þess að ætla að umsækjendur um atvinnuleysisbætur uppfylli ekki áður-nefnd lagaskilyrði.

Afgreiðsla umsókna um atvinnuleysisdagpeninga fer einnig fram á svæðisvinnumiðlunum utan höfuðborgarsvæðisins, en þar fer afgreiðslan fram hjá Ellingu og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Afgreiðslunni er stjórnað af úthlutunarnefndum á hverju svæði. Tvær úthlutunarnefndir eru þó starfandi á höfuðborgarsvæðinu. Þá er sérstök úthlutunarnefnd vegna Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og fer afgreiðsla umsókna fram á skrifstofu Vinnumálastofnunar.

## Atvinnuleysistryggingasjóður

Atvinnuleysistryggingasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar og síðari breytingum á þeim. Sjóðurinn er í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er tilnefnd af ýmsum aðilum í atvinnulífinu og skipar félagsmálaráðherra formann stjórnar án tilnefningar.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs 2001 til 2005 skipa þau Þórður Ólafsson, formaður, Erna Hauksdóttir, varaformaður, Ellert Eiríksson, Guðmundur Þ Jónsson, Hervar Gunnarsson, Ína H. Jónasdóttir, Jón H. Magnússon, Jón Rúnar Pálsson og Páll Halldórsson.

Sjóðurinn hefur einkum tekjur af atvinnutryggingagjaldi. Á árinu 2001 námu þær 3.420 milljónum króna sem eru nánast sömu tekjur og 2000 þegar þær námu 3.440 milljónum. Fjármunatekjur voru einnig umtalsverðar, eða 562 milljónir, en voru 391 milljónir árið áður.

Atvinnuleysi var mjög lítið árið 2001 en þó nokkru meira en árið áður. Greiðslur at-





Samráðsfundur úthlutunarnefnda á vormánuðum 2002.


vinnuleysisbóta jukust því nokkuð frá árinu 2000 og voru 1.447 milljónir á árinu 2001 samanborið við 1.304 milljónir árið áður. Greiðslur vegna úrræða fyrir atvinnuleitendur hækk-uðu nokkuð, úr 41 milljón í 66, en framlög til sérstakra verk-efna á vegum svæðisvinnumiðlana lækkuðu úr 21 milljón í 15. Framlag í starfsmenntasjóð var nú 55 milljónir en var 60 milljónir árið 2000 og framlag til kjararannsóknarnefndar nam um 28 milljónum í stað 22 árið áður.

Eignir sjóðsins voru í árslok 2001 um 8.367 milljónir króna og höfðu þá aukist úr um 6.321 milljónum frá ársbyrjun.

## Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar samkvæmt lögum nr. 46/1997. Um er að ræða tryggingasjóð vegna atvinnuleysis bænda, vörubifreiða-






stjóra og smábátæigenda, og er heimild í lögum til að bæta við öðrum starfsgreinum. Sjóðurinn er í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er tilnefnd af samtökum þeirra starfsgreina sem aðild eiga að sjóðnum og skipar fé-

lagsmálaráðherra formann stjórnar án tilnefningar.

Stjórn sjóðsins árið 2001 var þannig skipuð: Árni Gunnarsson, formaður, Leifur Eysteinnsson, Örn Pálsson, Unnur Sverrisdóttir og María Hauksdóttir.

Tekjur sjóðsins eru einkum af atvinnutryggingargjaldi sjóðfélaga og námu um 31 milljón árið 2001. Fjármunatekjur voru einnig umtalsverðar, eða um 12 milljónir. Greiðslur atvinnuleysisbóta námu um 6 milljónum árið 2001 sem er nokkru lægri upphæð en árið áður.

## Ábyrgðasjóður launa



Ábyrgðasjóður launa starfar samkvæmt lögum nr. 53/1993. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrg-

ast ekki skuldbindingar hans. Vinnumálastofnun annast skrifstofuhald fyrir sjóðinn á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn tilnefndir af ASÍ og VSÍ, og einn skipaður af félagsmálaráðherra. Stjórn sjóðsins var þannig skipuð árið 2001: Elín Blöndal var formaður sjóðsins framan af árinu, en Guðjón Bragason tók við formennskunni síðari

hluta árs. Aðrir í stjórn voru þau Halldór Grönvold og Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Á árinu 2001 varð töluverð aukning greiðslna úr Ábyrgðasjóði launa og námu þær alls 356 milljónum króna, samanborið við 170 milljónir vegna ársins 2000. Þetta er um 110% aukning og endurspeglar versnandi rekstrarumhverfi fyrirtækja. Á árinu 2002 hefur aukningin haldið áfram og hafa greiðslur úr sjóðnum numið alls um 420 milljónum á fyrstu 8 mánuðum ársins miðað við um 186 milljónir á sama tíma í fyrra sem er yfir 120% aukning. Gjaldþrotum hefur því fjölgað töluvert síðustu misseri og sérstaklega stórum gjaldþrotum. Einnig er aukning á kröfum frá tekjuhærri einstaklingum eins og í tölvu- og tæknigeiranum.

Á árinu 2001 var hafist handa við heildarendurskoðun á lögum um Ábyrgðasjóð launa. Þeirri vinnu er að mestu lokið nú á árinu 2002 og er reiknað með að frumvarp að nýjum lögum um sjóðinn verði lagt fram í vetur.



# Atvinnuleyfi útlendinga

Tæp fjögur ár eru nú liðin frá því Vinnumálastofnun tók við veitingu atvinnuleyfa í samræmi við 3. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 133/1994. Á þessu tímabili hefur verið þensla á vinnumarkaði og mikil eftirspurn eftir erlendu vinnuafli. Eins og komið hefur fram í yfirlitum yfir veitingu atvinnuleyfa undanfarin ár hefur fjöldi veittra atvinnuleyfa aukist jafnt og þétt frá árinu 1995 eða frá gildistöku núgildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga. Seinni hluta árs 2001 jókst atvinnuleysi hins vegar talsvert eftir að hafa verið um skeið vel innan við 2% og sú þróun hefur haldið áfram á árinu 2002. Þar sem helstu skilyrði laga um atvinnuréttindi útlendinga eru að kunnáttumenn verði ekki fengnir innanlands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafli eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu hefur dregið úr veitingu nýrra atvinnuleyfa á síðustu mánuðum. Fjöldi umsókna er eftir sem áður mikill en óvissa á vinnumarkaði hefur leitt til fleiri synjana en árin 1999 og 2000.

Stór hluti þeirra útlendinga sem hafa komið hingað til tímabundinnar vinnu undanfarin ár hefur kosið að setjast að hér á landi og eru þeir nú mikilvægir þátttakendur í íslensku atvinnulífi. Reynt hefur verið að mæta þörfum þessa stóra hóps með ýmsum hætti, má þar t.d. nefna stofnun Fjölmenningssetursins á Vestfjörðum og Alþjóðahúss í Reykjavík. Þá hafa Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins og fleiri fræðslusjóðir á vinnumarkaði veitt styrki til íslenskukennslu.

## Ný lög um atvinnuréttindi útlendinga

Um næstu áramót taka gildi ný lög um atvinnuréttindi útlendinga. Um er að ræða heildarendurskoðun núgildandi laga sem unnin var af nefnd sem í áttu sæti fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands og dómismálaráðuneyti.

Við endurskoðun laganna um atvinnuréttindi útlendinga voru ekki gerðar grundvallarbreytingar á því fyrirkomulagi sem verið hefur við veitingu atvinnuleyfa. Eftir



sem áður heyrir veiting dvalar- og atvinnuleyfa undir tvær stofnanir, Útlendingaeftirlitið og Vinnumálastofnun. Meginskiilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis skv. lögnum eru þau sömu og samkvæmt núgildandi lögum þ.e. að ekki fáiast íslenskir kunnáttumenn innanlands eða að atvinnuvegi landsins skorti vinnuafli. Eins og verið hefur er tímabundið atvinnuleyfi veitt atvinnurekanda en eftir þrjú ár er heimilt að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi.

Meðal nýmæla í lögnum má nefna nýjan flokk atvinnuleyfa vegna sérhæfðra starfsmanna fyrirtækja sem ekki hafa starfstöð hér á landi. Kveðið er á um skyldu atvinnurekanda til að sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga. Heimilt verður að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna nánustu aðstandenda útlendinga sem fengið hefur búsetuleyfi og er skilgreint hverjir teljast nánustu aðstandendur í því sambandi. Í lögnum er nýtt refsíakvæði þar sem ítarlega er greint frá hvaða háttsemi er refsiverð, hver refsiramminn er og hverjar saknæmiskröfur eru. Að lokum má nefna að kveðið er á um sérstaka samstarfsnefnd sem kalla skal saman vegna almennra álitamála varðandi útgáfu atvinnuleyfa og þegar beiðnir berast til Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga. Nefndin skal skipuð fulltrúum Vinnumálastofnunar, Útlend-

**Tímabundin atvinnuleyfi 2001, skipt á starfsgreinar**

	Fjöldi 2000	Fjöldi 2001	Hlutf. 2001
Stjórnendur, sérfræðingar, fólk með sérmenntun ýmiskonar, listamenn og skrifstofufólk	148	97	5%
Fólk við barnagæslu, umönnun og heimilishjálp	107	123	6%
Fólk við þrif, ræstingu, uppvaskeið og aðstoð í eldhúsi	337	276	13%
Matreiðslufólk, þjónar, barþjónar, fólk í sal	37	20	1%
Fólk við afgreiðslustörf og störf á lager	70	36	2%
Iðnaðarmenn, sérhæft starfsfólk og verkfólk í byggingariðnaði	241	155	8%
Iðnaðarmenn, sérhæft starfsfólk og verkafólk í málmíðnaði og rafeindavirkjun	58	46	2%
Véla- og verkafólk í öðrum iðnaði, verksmíðjum og matvælaframleiðslu	295	282	14%
Iðnaðarmenn, sérhæft starfsfólk og verkafólk í kjötiðnaði og slátrun	88	58	3%
Landbúnaðarverkfólk	68	67	3%
Fiskvinnslufólk	540	468	23%
Sjómenn	19	13	1%
Íþróttamenn og þjálfarar	92	73	4%
Dansarar	176	208	10%
Óflokkað eða vantar upplýsingar	47	125	6%
<b>Samtals</b>	<b>2323</b>	<b>2047</b>	<b>100%</b>

ingastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og formaður skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar.

**Útgefin atvinnuleyfi árið 2001**

Alls voru veitt 1401 ný tímabundin atvinnuleyfi á árinu 2001 en 1663 árið 2000. Þar sem tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda þarf að sækja um nýtt leyfi til að útlendingi sé heimilt að skipta um vinnustað. Þegar ákvörðun er tekin um veitingu leyfis til að skipta um vinnustað er horft til áður nefndra meginskilyrða laga um atvinnuréttindi útlendinga þ.e. þörf vinnu- markaðarins en einnig er tekið tillit til aðstæðna þess útlendingis sem um ræðir. Fram kemur að mikið er um að útlendingar færi sig á milli vinnustaða. Alls voru veitt 646 leyfi vegna vinnustaðaskipta árið 2001 en 659 árið 2000. Framlengd leyfi á sama vinnustað voru 1714 árið 2001 en 1143

árið 2000 er þar því um verulega aukningu að ræða. Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi hafi hann samfelld átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár og hafi áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi. Óbundin atvinnuleyfi voru 560 á síðasta ári og hefur fjölgað nokkuð undanfarin ár. Þessa miklu aukningu í útgáfu óbundinna leyfa má rekja til hinnar miklu eftirspurnar eftir erlendu vinnuafli undanfarin ár. Þeir hópar sem þá komu til landsins og hafa í lengst hér uppfylla nú orðið skilyrði til að geta öðlast óbundið atvinnuleyfi.

**Veiting atvinnuleyfa 1998 til 2001**

	1998	1999	2000	2001
Ný tímab. leyfi	1.119	1.271	1.663	1.401
Nýr vinnustaður	188	461	659	646
Framl. tímab. leyfi	662	933	1.143	1.714
Óbundin leyfi	193	275	406	560
Atvinnu-rekstrarleyfi	1	11	4	7
Námsmannaleyfi	50	96	91	125
Vístráðningarleyfi	9	26	54	52
Samtals	2.222	3.073	4.020	4.505

**Atvinnuleyfi eftir þjóðernum, störfum og landsvæðum**

Sem fyrr eru flest atvinnuleyfi veitt vegna Pólverja, eða alls 1096 tímabundin og 237 óbundin leyfi. Aðrar þjóðir sem skera sig úr eru Filippseyingar, Litháar, Tælendingar og Júgóslavar.

Atvinnuleyfum, bæði tímabundnum og óbundnum, hefur fjölgað mjög í Reykjavík undanfarin ár. Árið 2001 voru veitt 1.801 tímabundin (þar af 821 framlengd leyfi) og 170 óbundin atvinnuleyfi þangað. Á sama tíma hefur tímabundnum atvinnuleyfum fækkað mjög á Vestfjörðum og voru þau 178 (þar af 83 framlengd leyfi) árið 2001.

Flest tímabundin atvinnuleyfi voru veitt vegna starfa fyrir ófaglært vinnuafli. Vegna starfa við fiskvinnslu voru veitt 468 leyfi sem er nokkur fækkun frá árinu 2000 en þá voru þau 540. Veitt atvinnuleyfi til starfsfólks í byggingariðnaði voru 155 sem er mikil fækkun frá árinu áður. Almennt er þó ekki um miklar breytingar að ræða frá árinu 2000.

# Alþjóðlegt samstarf

## Norrænt samstarf

Norræna vinnumálasamstarfið vann samkvæmt skipulagi sem tók gildi 1. janúar 2001 og gildir 2001-2004. Um er að ræða embættismannanefnd (EK-A), sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi, en hlutverk hennar er að vera stefnumarkandi í vinnumálum. Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins, var fulltrúi Íslands í nefndinni. Undir embættismannanefndina heyra nokkrar fastanefndir, verkefnahópar og samskiptahópar.

Þær fastanefndir sem heyra undir embættismannanefndina eru þessar:

Nefnd um atvinnu- og vinnumarkaðsmál er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar er fulltrúi Íslands í nefndinni. Meðal verkefna á árinu 2001 var að framfylgja verkefnaáætlun vinnumarkaðsnefndarinnar fyrir tímabilið 2001-2004 en framboð vinnuafis á Norðurlöndum er meginþema áætlunarinnar. Í því sambandi var lögð áhersla á verkefni tengdum eftirfarandi málefnum á árinu 2001:

Þema 1: Óvirkni eldri atvinnulausra.

Þema 2: Samspil menntastefnu og vinnumarkaðsstefnu í hagkerfinu.

Þema 3: Stækkun ESB til austurs og áhrif þess á norrænan vinnumarkað.

Þema 4: Skipulagning virkrar vinnumarkaðsstefnu. Nefndin ákvað að vinna skýrslu um reynsluna hingað til.

Byrjað var á eftirfarandi verkefnum vegna tímabilsins 2001-2002:

Verkefni um hæfni vinnuafis á Norðurlöndum.

Verkefni um úreldingu þekkingar og hæfni á vinnumarkaðnum.

Verkefni um vinnumarkaðinn í Eystrasaltslöndunum.

Verkefninu „Dagpeningar og aðlögun vinnumarkaðar á Norðurlöndum“, en því verkefni lauk vorið 2001.

Verkefni um framboð og eftirspurn vinnuafis á Grænlandi út frá hæfni atvinnulausra og stöðu á Grænlandi.

Verkefni um samburð á vinnumiðlunum á Norðurlöndum.

Nefnd um atvinnulíf og vinnuréttarmál

er ætlað að vera vettvangur fyrir kynningu, umræður og samræmingu norrænna sjónarmiða í málefnum á sviði atvinnulífs og vinnuréttar bæði innan og utan Norðurlanda. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Gunnar E. Sigurðsson heitinn á Vinnumálastofnun. Vinnuréttarnefndin hefur lagt megináherslu á að fjalla um áhrif nýrra tillagna á sviði vinnuréttarmála sem hafa verið til umfjöllunar hjá Evrópusambandinu og framkvæmd annarra tillagna sem þegar hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu og fyrirhugað er að ná til Evrópska efnahagssvæðisins. Þá hefur verið lögð rík áhersla á samstarf við aðila vinnumarkaðarins ekki síst um vinnuréttartilskipanir Evrópusambandsins.

Aðrar fastanefndir eru nefnd um vinnuverndarmál (með þátttöku Vinnueftirlits ríkisins), nefnd um vinnuverndarrannsóknir (með þátttöku Vinnueftirlits ríkisins) og nefnd um innflytjendur.

Þeir verkefna- og samskiptahópar sem tengjast vinnumálasamstarfinu eru þessir:

Samstarfshópur um vinnumarkaðsþjónustu annast samstarf um vinnumiðlun og starfsmenntun í atvinnulífinu. Frank Friðrik Friðriksson hjá Vinnumálastofnun er fulltrúi Íslands í þessum samstarfshópi. Ráðstefna var haldin í Reykjavík um þjónustu vinnumiðlunar við innflytjendur á Norðurlöndum. Unnið var að gerð skýrslu sem gefin verður út á árinu 2002. Í skýrslunni verður leitast við að kortleggja uppbyggingu landanna á þjónustu við innflytjendur, aðallega með því að koma til móts við þörfina hjá innflytjendum sem ekki eru norrænir.

Samstarfshópurinn gaf út hefti um samburð á reynslu af vinnumiðlun innan Norðurlanda.

Símaþjónustumiðstöðin fyrir vinnumiðlunarkerfið í Noregi sem staðsett er í Mo í Rana var heimsótt. Erla Jónsdóttir á Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins heimsótti símaþjónustumiðstöðina auk þátttakenda frá öðrum



Frank Friðrik Friðriksson og Gissur Pétursson á fundi vinnumarkaðsnefndarinnar í Finnlandi.



Starfsmaður Vinnumálastofnunar í náms- og kynnisferð í Bonn í Þýskalandi.

vinnumiðlunarskrifstofum á Norðurlöndum.

Haldið var sérfræðingaseminar á Álandseyjum þar sem krafa til vinnumiðlunar á svæðum með einhæft atvinnulíf var til umfjöllunar. Fyrir Ísland fjallaði Grétar Þór

Eyþórsson, rannsóknastjóri Háskólans á Akureyri um ástand þessara mála á Íslandi.

Starfandi eru tveir samstarfshópar um afmörkuð verkefni á sviði atvinnuleysistrygginga. Um er að ræða samstarfshóp vegna flutnings atvinnuleysisbóta milli Norðurlanda og nefnd vegna ráðstefna um atvinnuleysistryggingar sem haldnar eru á tveggja ára fresti. Jóngeir H. Hlinason er fulltrúi Íslands í þessum hópum.

Ennfremur eru starfshópar starfandi um afmarkaðri verkefni. Einn slíkur er NIAL sem sér um fjölbreytta útgáfustarfsemi um vinnumál. Á vegum þess starfshóps eru tímaritin ARBETSLIV I NORDEN og NORDIC LABOUR JOURNAL. Þá undirbýr hópurinn þátttöku Norðurlanda í Employment Week í Brussel á hverju ári. Ólafur Finnbogason hjá Vinnumálastofnun er fulltrúi Íslands í starfshópnum.

Loks má nefna að sérstök samskiptanefnd undirbýr fundi embættismannanefndarinnar í samráði við skrifstofu Norðurlandaráðs og auk þess annast hún vinnumálasamskipti við grannsvæði Norðurlanda. Gunnar E. Sigurðsson heitinn hjá Vinnumálastofnun var fulltrúi Íslands í þessari nefnd.

Nokkur ungmennaskiptaverkefni eru á sviði embættismannanefndarinnar og er þeim stýrt af Norræna félaginu. Nordjobb

byggir á ungmennaskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna. Á árinu 2001 héldu 144 íslensk ungmenni til starfa á Norðurlöndunum og 113 ungmenni komu til vinnu á Íslandi frá hinum Norðurlöndunum. Samarið 2001 dvöldu 6 íslensk ungmenni 6 vikur í austurvegi í tengslum við verkefnið Austjobb. Á vegum Nordpraktik verkefnisins komu 18 ungmenni frá Eystrasaltslöndunum á árinu 2001. Verkefnið hefur það markmið að byggja brú milli fyrirtækja og einstaklinga á Norðurlöndum og í NV-héruðum Rússlands og í Eystrasaltslöndunum.

Forstjórar Norrænna vinnumiðlana hafa með sér samstarf um framkvæmd vinnumiðlunar á Norðurlöndunum og það sem efst er á baugi hjá norrænum vinnumiðlunum.

## Annað alþjóðlegt samstarf

Að frátöldu evrópsku samstarfi um vinnumiðlun, sem fjallað var um í sérstökum kafla fyrr í skýrslunni (EES-vinnumiðlun), tekur Vinnumálastofnun þátt í ýmsum samstarfsverkefnum á sviði vinnumála í Evrópu. Evrópusambandið stofnaði árið 1982 sameiginlegt upplýsingakerfi um vinnumálastefnu (Mutual Information System on Employment Policies – skammstafað Misp) og eiga Íslendingar nú aðild að þessu neti. Gissur Pétursson er fulltrúi Íslands í þessu samstarfi. MISEP gefur út skýrslur um stöðu þessara mála í einstökum aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Vinnumálastofnun hefur fyrir Íslands hönd verið þátttakandi í samstarfshópi um nýbreytni í vinnu (European Work Organization Network – skammstafað EWON). Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að safna, halda utan um og miðla upplýsingum um nýbreytni á sviði vinnumála og jafnframt að hvetja þá sem tengjast vinnumarkaðinum að huga að nýbreytni í vinnu.

Vinnumálastofnun hefur einnig með höndum miðlun upplýsinga og skýrslugerð um vinnumarkaðinn til alþjóðastofnana, einkum ILO og OECD.





# Svæðisráð og úthlutunarnefndir 2001

## Svæðisráð

### Vesturland

Dórir Ólafsson	frh.skólum
Gunnólfur Lárusson	sv.fél.
Gunnar Guðmundsson	sv.fél.
Guðmundur P. Jónsson	SA
Sigríður Finnsen	SA
Pétur Geirsson	SA
Einar Karlsson	ASÍ
Elín Hanna Kjartansdóttir	ASÍ
Anna Ólafsdóttir	BSRB

### Vestfirðir

Guðný Halldórsdóttir	frh.skólum
Ingimar Halldórsson	sv.fél.
Friðgerður Baldvinsdóttir	sv.fél.
Áslaug Alfreðsdóttir	SA
Óðinn Gestsson	SA
Halldór Jónsson	SA
Gunnar Héðinsson	ASÍ
Helgi Ólafsson	ASÍ
Sverrir Hestnes	BSRB

### Norðurland vestra

Ásbjörn Karlsson	frh.skólum
Snorri Björn Sigurðsson	sv.fél.
Gunnar Sveinsson	sv.fél.
Einar Einarsson	SA
Lárus Ægir Guðmundsson	SA
Ragnar Ingi Tómasson	SA
Jón Karlsson	ASÍ
Valdimar Guðmannsson	ASÍ
Ragna Jóhannsdóttir	BSRB

### Norðurland eystra

Brynjar Ingi Skaptason	frh.skólum
Þorsteinn Arnórsson	sv.fél.
Kristján Ágústsson	sv.fél.
Ásgeir Magnússon	SA
Helgi Pálsson	SA
Björn Snæbjörnsson	ASÍ
Aðalsteinn Baldursson	ASÍ
Einar Emilsson	BSRB

### Austurland

Helga Steinsson	frh.skólum
Þorvaldur Jóhannsson	sv.fél.
Ásbjörn Guðjónsson	sv.fél.
Adolf Guðmundsson	SA
Auður Ingólfssdóttir	SA
Sigurður Ragnarsson	SA
Jón I Kristjánsson	ASÍ
Þorkell Kolbeins	ASÍ
Már Sveinsson	BSRB

### Suðurland

Eyvindur Bjarnason	frh.skólum
Kristján Einarsson	sv.fél.
Jóna Sigurbjartsdóttir	sv.fél.
Bjarni Stefánsson	SA
Örn Grétarsson	SA
Guðmundur Búason	SA
Eiríkur Runólfsson	ASÍ
Jón Kjartansson	ASÍ
Þorgerður Jóhannesdóttir	BSRB

### Suðurnes

Ólafur Jón Arnbjörnsson	frh.skólum
Kristbjörn Albertsson	sv.fél.
Gunnar Olsen	SA
Sigurjón Jónsson	SA
Jón Bjarni Baldursson	SA
Gróa Hávarðardóttir	ASÍ
Kristján G. Gunnarsson	ASÍ
Hólmar Magnússon	BSRB

### Höfuðborgarsvæðið

Sölvi Sveinsson	frh.skólum
Guðrún Erla Geirsdóttir	sv.fél.
Sigurrós Þorgrímsdóttir	sv.fél.
Rebekka Ingvarsdóttir	SA
Hannes G. Sigurðsson	SA
Bjarki Júlíusson	SA
Sigurður Bessason	ASÍ
Sigurður T. Sigurðsson	ASÍ
Sigríður Kristinsdóttir	BSRB

## Úthlutunarnefndir

### Vesturland

Bára K. Guðmundsdóttir, form.	Atv.l.tr.sj.
Sigríður H. Skúladóttir	ASÍ
Hörður Jóhannesson	BSRB
Bergþór Guðmundsson	SA
Ólafur J. Þórðarson	SA

### Vestfirðir

Karvel Pálmason, form.	Atv.l.tr.sj.
Pétur Sigurðin	ASÍ
Friðgerður Þorsteinsdóttir	BSRB
Björn Jóhannesson	SA
Eggert Jónsson	SA

### Norðurland vestra

Valdimar Guðmannsson, form.	Atv.l.tr.sj.
Ásdís Guðmundsdóttir	ASÍ
Ólína Rögnvaldsdóttir	BSRB
Kári Snorrason	SA
Gísli Garðarsson	SA

### Norðurland eystra

Konráð Alfreðsson, form.	Atv.l.tr.sj.
Guðm. Ómar Guðmundsson	ASÍ
Ágúst Óskarsson	BSRB
Ásgeir Magnússon	SA
Sigurður Jóhannesson	SA

### Austurland

Hrafnkell A. Jónsson, form.	Atv.l.tr.sj.
Jón Ingi Kristjánsson	ASÍ
Jóhann Sveinbjörnsson	BSRB
Adolf Guðmundsson	SA
Sigurður Ragnarsson	SA

### Suðurland

Jóna Sigríður Gestsdóttir, form.	Atv.l.tr.sj.
Ragna Gissurardóttir	ASÍ
Stefanía Geirsdóttir	BSRB
Örn Grétarsson	SA
Gunnar Kristmundsson	SA

### Suðurnes

Bjarni Andrésson, form.	Atv.l.tr.sj.
Ingibjörg Magnúsdóttir	ASÍ
Óskar Guðjónsson	BSRB
Eyþór Jónsson	SA
Jón Bjarni Baldursson	SA

### Höfuðborgarsvæðið

#### Úthlutunarnefnd 1

Guðm. Gylfi Guðmundsson, form.	Atv.l.tr.sj.
Garðar Vilhjálmsson	ASÍ
Þuríður Einarsdóttir	BSRB
Ragnar Árnason	SA

#### Úthlutunarnefnd 2

Árillía Eydís Guðmundsd., form.	Atv.l.tr.sj.
Árni Leósson	ASÍ
Einar Andrésson	BSRB
Kristín Jónsdóttir	SA
Jakobína Jónsdóttir	SA

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra


Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997 tóku gildi tóku gildi 1. júlí 1997 og samkvæmt þeim hefur Vinnumálastofnun yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu. Vinnumálastofnu annast fjárvörslu, umsýslu og afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Ábyrgðasjóð launa og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga á sameiginlegri skrifstofu vinnumála. Sérstök stjórn er yfir Vinnumálastofnun svo og hinum einstöku sjóðum.


Á árinu 2001 varð halli 10.880 þús. kr. í samanburði við afgang að fjárhæð 3.841 þús.kr. á árinu 2000. Tekjur námu 204.611 þús kr. en voru 198.723 þús. kr. á árinu 2000. Framlag ríkissjóðs var 153.500 þús. kr. á móti 137.900 þús. kr. árið 2000.


Stjórnin staðfestir hér með ársreikning þennan með undirritun sinni.

Reykjavík, 30 ágúst 2002

### Í stjórn


  
Hrólfur Ólvisson

  
Þorgerður Gunnarsdóttir

  
Jón H. Magnússon

  
Halldór Grönvold

  
Sjöfn Ingólfsdóttir

  
Þórður Ólafsson

  
Ellert Eiríksson

  
Jón Rúnar Pálsson

### Forstjóri

  
Gissur Pétursson



## Áritun endurskoðenda


### Til stjórnar Vinnumálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vinnumálastofnunar á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 30. ágúst 2002

  
Sigurður Þórðarsson,  
ríkisendurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2001

<b>Tekjur</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2001</b>	<b>2000</b>
Þjónustutekjur . . . . .		199.253.469	192.200.000
Framlög frá ýmsum aðilum . . . . .		5.358.013	6.522.528
<b>Tekjur alls</b>	<b>1</b>	<u>204.611.482</u>	<u>198.722.528</u>
<b>Gjöld</b>			
Rekstur aðalskrifstofu . . . . .	2	117.041.336	114.360.912
Svæðisvinnumiðlanir . . . . .	3	214.379.995	178.512.237
Atvinnuleysisskráning, þjónustusamningar . . . . .	4	12.778.165	25.297.906
Starfsleit ungs fólks, framlög . . . . .		10.288.487	3.367.522
Rekstrargjöld samtals		<u>354.487.983</u>	<u>321.538.577</u>
Eignakaup . . . . .		14.503.912	11.242.748
<b>Gjöld alls</b>		<u>368.991.895</u>	<u>332.781.325</u>
<b>Tekjuafgangur (halli) í reglulegum rekstri</b>		(164.380.413)	(134.058.797)
Framlag úr ríkissjóði . . . . .		153.500.000	137.900.000
<b>Tekjuafgangur (halli)</b>		<u>(10.880.413)</u>	<u>3.841.203</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2001

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2001</b>	<b>2000</b>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur . . . . .		20.545.163	3.316.102
Ábyrgðasjóður launa . . . . .		0	0
Sjóður og bankainnstæður . . . . .		52.724.023	86.303.165
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>73.269.186</u>	<u>89.619.267</u>
Ríkissjóður . . . . .		70.240.614	96.566.668
<b>Eignir alls</b>		<u>143.509.800</u>	<u>186.185.935</u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Staða í ársbyrjun . . . . .		32.149.462	28.308.259
Leiðrétt upphafsstaða . . . . .		0	0
Tekjuafgangur (halli) . . . . .		(10.880.413)	3.841.203
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>21.269.049</u>	<u>32.149.462</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Atvinnuleysistryggingasjóður . . . . .		112.175.569	74.632.486
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstakl. . . . .		2.275.930	71.722.386
Ábyrgðarsjóður launa . . . . .			1.229.394
Lánadrottinnar aðrir . . . . .		7.789.252	6.452.207
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>122.240.751</u>	<u>154.036.473</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>122.240.751</u>	<u>154.036.473</u>
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>		<u>143.509.800</u>	<u>186.185.935</u>





## Sjóðsteymi árið 2001

<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<i>Skýr.</i>	<b>2001</b>	<b>2000</b>
<b>Veltufé frá rekstri</b>			
Tekjuafgangur .....		(10.880.413)	3.841.203
<b>Veltufé frá rekstri samtals</b>		<u>(10.880.413)</u>	<u>3.841.203</u>
 <b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>			
Skammtímakröfur .....		(17.229.060)	8.167.027
Skammtímaskuldir .....		<u>(31.795.722)</u>	<u>49.463.754</u>
Breytingar samtals		<u>(49.024.782)</u>	<u>57.630.781</u>
 <b>Handbært fé frá rekstri samtals</b>		<u>(59.905.195)</u>	<u>61.471.984</u>
 <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Framlag ríkissjóðs .....		(153.500.000)	(137.900.000)
Greitt úr ríkissjóði .....		<u>179.826.054</u>	<u>85.648.699</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>26.326.054</u>	<u>(52.251.301)</u>
 <b>Hækkun á handbæru fé</b>		(33.579.141)	9.220.683
 Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>86.303.165</u>	<u>77.082.482</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>52.724.023</u></u>	<u><u>86.303.165</u></u>

## Skýringar með ársreikningi

### Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er með sama hætti og almennt tíðkast hjá A-hluta stofnunum ríkissjóðs. . .

Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er framsetning ársreikningsins í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994 og reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996.

Eftirlaunaskuldbinding núverandi og fyrrverandi starfsmanna er ekki færð í ársreikninginn, heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði. Þetta er í samræmi við reikningsskilareglur fyrir A-hluta stofnanir ríkissjóðs. ....

### Samanburður við fjárheimildir, þús. króna

	<b>Rekstur</b>	<b>Fjárheimildir</b>
Framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum .....	153.500	153.500
Tekjur af þjónustu og önnur framlög .....	204.611	181.800
Almennur rekstrarkostnaður .....	(354.488)	(335.300)
Stofnkostnaður .....	<u>(14.504)</u>	<u>0</u>
Niðurstaða rekstrar, færast til næsta árs	<u>(10.880)</u>	<u>0</u>

Niðurstaða rekstrar eru gjöld umfram tekjur að fjárhæð 10.880 þús.kr. eins og fram kemur hér að ofan. Stofnunin átti vannýttar fjárheimildir frá fyrra ári 32.149 þús.kr. Til næsta árs flytjast því 21.269 þús.kr.



### 1. Þjónustutekjur

Vinnumálastofnun annast þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og Ábyrgðasjóð launa, auk Starfsmenntunarsjóðs og úthlutunarnefnda. Tekjur Vinnumálastofnunar frá þessum aðilum námu 199,3 m.kr. á árinu 2001 en 192,2 m.kr. árið á undan. Tekjurnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	<b>2001</b>	<b>2000</b>
Atvinnuleysistryggingasjóður . . . . .	165.000.000	159.000.000
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einst. . . . .	1.600.000	1.600.000
Starfsmenntunarsjóður . . . . .	3.000.000	3.000.000
Úthlutunarnefndir . . . . .	14.000.000	14.000.000
Ábyrgðasjóður launa . . . . .	15.653.469	14.600.000
	<hr/>	<hr/>
	199.253.469	192.200.000

### 2. Rekstur aðalskrifstofu

	<b>2001</b>	<b>2000</b>
Launakostnaður . . . . .	75.296.309	73.898.405
Ritföng, prentun og auglýsingar . . . . .	4.448.046	3.991.512
Viðhald húsnæðis, tækja og áhalda . . . . .	2.394.293	2.080.423
Hugbúnaðargerð og önnur sérfræðiþjónusta . . . . .	5.999.296	12.344.917
Póstur og sími . . . . .	4.091.347	3.302.948
Húsaleiga, orka og ræsting . . . . .	7.747.706	6.048.495
Fæðispeningar, máltíðir, fundir og risna . . . . .	4.465.579	3.166.880
Ferðakostnaður og akstur . . . . .	10.273.615	8.293.607
Fasteignagjöld og önnur gjöld . . . . .	2.325.145	1.233.725
	<hr/>	<hr/>
<b>Rekstur aðalskrifstofu samtals</b>	117.041.336	114.360.912

### 3. Svæðisvinnumiðlanir

	<b>2001</b>	<b>2000</b>
Launakostnaður . . . . .	156.895.068	130.214.004
Ritföng, prentun og auglýsingar . . . . .	3.664.517	4.060.290
Viðhald húsnæðis og áhalda . . . . .	8.416.130	3.524.431
Póstur og sími . . . . .	7.432.671	6.739.921
Húsaleiga m.m. . . . .	19.689.991	17.660.365
Fæðispeningar, máltíðir, fundir og risna . . . . .	4.150.509	3.599.560
Ferðakostnaður og akstur . . . . .	7.672.263	6.674.417
Annar kostnaður . . . . .	3.292.208	3.314.843
Kostnaðarhlutdeild í sameig. húsnæði/þjónustu . . . . .	3.166.638	2.724.406
	<hr/>	<hr/>
<b>Rekstur svæðisvinnumiðlana samtals</b>	214.379.995	178.512.237

### 4. Atvinnuleysiskráning aðkeypt

Vinnumálastofnun hefur gert samninga við sveitarfélög og verkalýðsfélög um skráningu á atvinnulausu fólki í atvinnuleit. Kostnaður vegna þessara samninga nam 12.778 þús.kr. árið 2001 en var 25.298 þús.kr. árið á undan. Sú breyting varð að Vinnumálastofnun opnaði skrifstofu, Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja, í Reykjanesbæ 1. febrúar 2001, en þjónustusamningur við Reykjanesbæ rann út 31. desember 2000.



## Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs

### Rekstrarreikningur árið 2001

#### Tekjur

	2001	2000
Tryggingagjald atvinnurekenda .....	3.420.449.604	3.440.171.774
Húsaleigutekjur .....	3.561.243	3.141.163
Aðrar tekjur .....	19.136.229	5.132.471
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.443.147.076</b>	<b>3.448.445.408</b>

#### Gjöld

Atvinnuleysisbætur .....	1.447.416.700	1.303.661.068
Kjararannsóknarnefnd .....	27.767.382	21.815.965
Úrræði fyrir atvinnuleitendur .....	66.019.175	40.802.797
Starfsmenntasjóður .....	54.658.074	60.092.681
Framlög til sveitarfélaga, átaksverkefni .....	14.838.823	21.343.818
Framlög og styrkir .....	19.195.428	18.597.136
Sérstök framlög til starfsmenntunar .....	104.000.000	
	1.733.895.582	1.466.313.465
Annar kostnaður .....	209.872.483	206.110.578
Sérstök afskrift tryggingargjalds .....	44.341.540	36.751.121
<b>Gjöld samtals</b>	<b>1.988.109.605</b>	<b>1.709.175.164</b>

#### Tekjuafgangur án fjármagnsliða

	1.455.037.471	1.739.270.244
--	---------------	---------------

#### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur .....	562.395.355	380.725.881
----------------------	-------------	-------------

#### Tekjuafgangur

	<u>2.017.432.826</u>	<u>2.119.996.125</u>
--	----------------------	----------------------



## Efnahagsreikningur 31. desember 2001

	2001	2000
<b>Eignir</b>		
<b>Fastafjármunir</b>		
Áhættufjármunir og langtímakröfur		
Verðbréf . . . . .	173.927.454	310.500.239
Langtímakröfur samtals	<u>173.927.454</u>	<u>310.500.239</u>
Fastafjármunir samtals	<u>173.927.454</u>	<u>310.500.239</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
Kjararannsóknarnefnd . . . . .	1.021.655	3.789.036
Aðrir viðskiptamenn . . . . .	1.676.370	639.799
Ógreiddir vextir . . . . .	2.019.066	3.691.886
Álagt óinnheimt tryggingargjald . . . . .	452.304.789	464.648.337
Viðskiptareikningur ríkissjóðs . . . . .	7.622.996.097	5.462.704.817
Sjóður og banki . . . . .	112.595.047	74.632.486
Veltufjármunir samtals	<u>8.192.613.024</u>	<u>6.010.106.361</u>
<b>Eignir alls</b>	<u>8.366.540.478</u>	<u>6.320.606.600</u>
Utan efnahags: Varanlegir rekstrarfjármunir		
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>2001</b>	<b>2000</b>
<b>Eigið fé</b>		
Óráðstafað eigið fé 1/1 . . . . .	6.246.053.404	4.113.440.006
Verðbætur á skuldabréfaeign . . . . .	17.345.420	12.617.273
Tekjuafgangur . . . . .	<u>2.017.432.826</u>	<u>2.119.996.125</u>
Eigið fé samtals	<u>8.280.831.650</u>	<u>6.246.053.404</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Innheimtumenn . . . . .		62.383
Viðskiptamenn, erlendir . . . . .	49.832.308	44.225.550
Viðskiptamenn, aðrir . . . . .	15.456.617	12.658.616
Starfsmenntasjóður o.fl. . . . .	<u>20.419.903</u>	<u>17.606.647</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>85.708.828</u>	<u>74.553.196</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<u>8.366.540.478</u>	<u>6.320.606.600</u>





## Nokkrar lykiltölur úr Ábyrgðasjóði launa

### Rekstrarreikningur árið 2001

#### Rekstrartekjur

	2001	2000
Ábyrgðagjald skv. lögum 53/1993 .....	170.591.218	146.583.516
Úthlutað úr þrotabúum .....	22.372.330	43.582.119
Rekstrartekjur samtals	<u>192.963.548</u>	<u>190.165.635</u>

#### Rekstrargjöld

Laun í gjaldþroti .....	232.464.748	99.636.132
Orlofslaun .....	27.926.627	4.085.982
Iðgjöld til lífeyrissjóða .....	44.693.265	38.063.244
Lögfræði- og innheimtukostnaður .....	13.119.094	11.656.295
Vaxtaálag á laun og bætur .....	36.091.259	17.857.029
Skrifstofukostnaður .....	16.800.000	15.884.127
Rekstrargjöld samtals	<u>371.094.993</u>	<u>187.182.809</u>

Afskrifað ábyrgðargjald .....	2.104.188	2.532.988
	<u>373.199.181</u>	<u>189.715.797</u>

Tekjuafgangur (halli) án fjármagnshreyfinga	(180.235.633)	449.838
---	---------------	---------

#### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur .....	86.903.377	83.048.109
----------------------	------------	------------

#### Tekjuafgangur

	<u>(93.332.256)</u>	<u>83.497.947</u>
--	---------------------	-------------------

### Efnahagsreikningur 31. desember 2001

#### Eignir

##### Veltufjármunir

	2001	2000
Ríkissjóður viðskiptareikningur .....	889.336.001	952.524.898
Óinnheimt ábyrgðagjald .....	23.132.829	20.700.056
Aðrar kröfur .....	433.316	2.834.994
Sjóður .....	0	1.229.394
Veltufjármunir samtals	<u>912.902.146</u>	<u>977.289.342</u>

#### Eignir alls

	<u>912.902.146</u>	<u>977.289.342</u>
--	--------------------	--------------------

#### Skuldir og eigið fé

##### Eigið fé

Óráðstafað eigið fé 1. janúar .....	965.583.659	882.085.712
Tekjuafgangur .....	(93.332.256)	83.497.947
Eigið fé samtals	<u>872.251.403</u>	<u>965.583.659</u>

##### Skammtímaskuldir

Staðgreiðsla skatta .....	19.231.118	4.330.805
Iðgjöld lífeyrissjóða .....	12.393.817	7.374.878
Skuld við vörsluaðila .....	9.025.808	0
Skammtímaskuldir samtals	<u>40.650.743</u>	<u>11.705.683</u>

#### Skuldir og eigið fé alls

	<u>912.902.146</u>	<u>977.289.342</u>
--	--------------------	--------------------





**VINNUMÁLA  
STOFNUN**

---

Hafnarhúsi  
við Tryggvagötu  
101 Reykjavík  
Sími 511 2500  
Fax 511 2520  
[www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)